

Skýrsla með nýjustu upplýsingum um efni sem hafa eiturhrif á æxlun

Umsögn um útgefið efni
Evrópska áhættuathugunarstöðin
Samantekt

Höfundar:

Eftirfarandi vísindamenn tóku saman skýrslu þessa:

Klaus Kuhl, Kooperationsstelle Hamburg IFE, Þýskalandi

Meginskýrslan var tekin saman af vísindamönnum frá þremur stofnunum:

- Dr Ellen Schmitz-Felten og Klaus Kuhl (verkefnisstjóri), Kooperationsstelle Hamburg IFE, Þýskalandi;
- Dr Karin Sørig Hougaard, Det Nationale Forskningscenter for Arbejdsmiljø, Danmörk;
- Dr Katarzyna Miranowicz-Dzierżawska, Centralny Instytut Ochrony Pracy: Państwowy Instytut Badawczy, Póllandi

Skýrslan var milligátuð af:

- Professor Dr György Ungváry, Vinnumálaskrifstofa Ungverjalands;
- Dr Ferenc Kudász, Vinnumálaskrifstofa Ungverjalands

Verkefnisstjórn: Dr. Elke Schneider - Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA)

Evrópska vinnuverndarstofnunin (EU-OSHA) fól viðkomandi aðilum gerð þessarar skýrslu. Efni hennar, þar á meðal álit og/eða niðurstöður hennar eru einungis á ábyrgð höfundanna og endurspeglar ekki endilega skoðanir EU-OSHA.

Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar þig við að finna svörin við spurningum þínum um Evrópusambandið.

Gjaldfrjálst númer (*):

00 800 6 7 8 9 10 11

(* Sum farsímafyrirtæki leyfa ekki að ganga að 00 800 númerum eða taka gjald fyrir slík símtöl.

Frekari upplýsingar um Evrópusambandið má finna á Netinu (<http://europa.eu>).

Flokkunarupplýsingar má finna á forsiðu ritsins.

Lúxemborg: Miðstöð fyrir opinberar útgáfur Evrópusambandsins, 2016

© Vinnuverndarstofnun Evrópu, 2016

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Skrá yfir töflur..... | 5 |
| 1 Inngangur..... | 6 |
| 2 Almenn yfirlit | 6 |
| 2.1 Umfang skýrslunnar | 6 |
| 2.2 Skilgreiningar | 7 |
| 3 Lagalegt ástand | 9 |
| 3.1 Grunnatriði | 9 |
| 3.2 Sértek lögjöf er af skornum skammti | 10 |
| 3.3 Berskjaldaðir starfsmenn | 10 |
| 3.4 Tilskipanirnar um þungaða starfsmenn, starfsmenn sem nýlega hafa fætt börn, og konur sem eru með barn á brjósti | 11 |
| 4 Íðefni með eiturrhif gagnvart æxlun | 11 |
| 4.1 Skráning, Mat, Heimild og Takmörkun á Íðefnum (REACH) | 12 |
| 4.2 Atvinnutengd váhrifsmörk varðandi efni sem hafa eiturrhif á æxlun | 13 |
| 4.3 Málmar | 15 |
| 4.4 Lífrænir leysar | 16 |
| 4.5 Epoxý resín (kvoður)..... | 18 |
| 4.6 Varnarefni | 18 |
| 4.7 Fjöklóruð bifénylsambönd, fjöklóruð díbensó-p-díoxínsambönd og fjöklóruð díbensófúransambönd | 19 |
| 4.8 Lyf | 19 |
| 4.9 Efnisagnir | 22 |
| 4.10 Innkirtlatruflandi efnasambönd | 24 |
| 4.11 Umfjöllun | 27 |
| 5 Hætta á eiturrhifum á æxlunarfæri: aðrir þættir en íðefni | 32 |
| 5.1 Líffræðilegir áhrifavaldar | 32 |
| 5.2 Eðlisfræðilegir þættir | 34 |
| 5.3 Sálfélagslegir þættir | 38 |
| 6 Samanlögð váhrif | 39 |
| 6.1 Leysiblöndur | 40 |
| 6.2 Streita og íðefni | 40 |
| 6.3 Íðefni og langvinnar setur | 40 |
| 6.4 Stjórnun og forvarnir | 40 |
| 7 Forvarnir..... | 40 |
| 7.1 Dæmi frá aðildarríkjum | 41 |
| 8 Niðurstöður og tillögur | 43 |
| 8.1 Lagarammi | 43 |

| | | |
|------|--|----|
| 8.2 | Takmörkuð þekking á váhrifum og áhrifum | 46 |
| 8.3 | Atvinnusjúkdómar | 47 |
| 8.4 | Langtímaáhrif | 47 |
| 8.5 | Þættir sem ekki eru efni og hafa eiturrif á æxlun | 49 |
| 8.6 | Forvarnir | 50 |
| 8.7 | Athugasemdir að lokum | 53 |
| 9 | Tilvísanir | 55 |
| 10 | Ítarefni | 61 |
| 11 | Viðaukar | 62 |
| 11.1 | Orðskýringar | 62 |
| 11.2 | Skrá með styttingum | 63 |
| 11.3 | Viðbótarefni sem er að finna í viðauka við skýrsluna | 63 |

Skrá yfir töflur

| | | |
|----------|--|----|
| Tafla 1: | Ferlar og áhrif/endapunktur | 8 |
| Tafla 2: | Líffræðilegir áhrifavaldar sem hafa í för með sér hættu varðandi æxlun hjá starfsfólki | 32 |
| Tafla 3: | Váhrifamörk fyrir rafsegulsvið | 35 |
| Tafla 4: | Samantekt á niðurstöðum um prófanir og mat á neikvæðum áhrifum á æxlun og þroskun | 47 |
| Tafla 5: | Tillögur að forvörnum | 51 |

1 Inngangur

Skjal þetta myndar yfirlit yfir heildarskýrslu sem Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) fól tilteknum aðilum að gera varðandi váhrif á vinnustað gagnvart heilbrigði æxlunar og þroskunar, í því skyni að koma á fót heimildagrunni með gögnum varðandi framtíðaraðgerðir á þessu sviði, þar á meðal tillögur varðandi stefnumál, rannsóknir, eftirlit og verklag. Auðkenning á götum í þekkingu ætti að stuðla að því að beina framtíðar rannsóknum í rétta átt, og framþróa bættar forvarnaraðferðir samtímis því að gera niðurstöðurnar aðgengilegri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Vitund um, þekking og skilningur á þeim áhættuþáttum sem eru fyrir hendi varðandi áhættuþætti er snerta eiturrif gagnvart æxlun er fremur lítil, sérstaklega innan fyrirtækja.

Helsti markhópur í skýrslunni er vísindamenn og þeir sem marka stefnu á sviði vinnuverndar, en þeir hlutar sem fjalla um forvarnaraðgerðir munu koma að sérstöku gagni hjá þeim sem sjá um framkvæmd vinnuverndar innan fyrirtækja.

Bráðabirgðaniðurstöðurnar voru ræddar á málstofu í París sem skipulögð var af hálfu Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar (EU-OSHA) þar sem franska stofnunin sem sér um málefni matvæla, umhverfisins og vinnuverndar (ANSES) átti að örva umræður um áhættuþætti gagnvart æxlun innan vinnustaða, og hvetja til uppbyggilegra skoðanaskipta milli hagsmunaaðila varðandi aðferðir til forvarna. Um það bil 60 þátttakendur frá mismunandi aðildarríkjum ESB tóku þátt. Framsögurnar og umræðurnar eru aðgengilegar á vefsíðu EU-OSHA og voru teknar upp í aðalskýrsluna (EU-OSHA, 2014).

Æxlunarmáttur starfsafsis getur orðið fyrir áhrifum af hættulegum efnum, varnarefnum og lyfjum, sem og af lífrænum, eðlisfræðilegum og sálfélagslegum þáttum. Þessir áhættuþættir kunna að koma í veg fyrir að starfsfólk eignist yfirhöfuð börn, eða þeir kunna að hafa áhrif á afkvæmi starfsfólks og þannig skapað hættu varðandi framtíð samfélags okkar. Þess vegna ber að beina athyglinni meir en nú er gert að því vandamáli sem snýr að áhættuþáttum á vinnustöðum er snerta æxlun.

Gögn um váhrif af áhættuþáttum gagnvart starfsmönnum eru rýr og ófullkomin. Í Frakklandi benda gögn sem aflað var í 2003 SUMER könnuninni til þess að 180.000 af 29,5 milljónum starfsmanna urðu fyrir váhrifum af þremur efnum sem hafa eiturrif á æxlun og sem voru hluti af könnuninni: blý (og afleiður), dímetylformamíð og kadmíum (og afleiður) (Guignon og Sandret, 2005). Samkvæmt könnun verkalýðsfélaga árið 2005 á fjórum geirum atvinnulífsins (efnaiðnaður, afurðir úr steinefnum sem ekki eru málmar, málmvinnsla og matur og drykkur) sem fór fram í Madrid, urðu starfsmenn fyrir váhrifum af allt að 31 afurð sem hefur í för með sér eiturrif gagnvart fósturþroska, 23 afurðum sem eru eitruðar gagnvart æxlun, og 40 hugsanlegum innkirtlatruflandi efnum (Rubio o.fl., 2005; Vogel, 2009).

Marktækur hluti starfsafsis verður þess vegna fyrir váhrifum af efnum sem hafa eiturrif á æxlun, og sérstaklega af innkirtlatruflandi efnum. Áhrif á æxlun verðskulda sérstaka athygli allra hagsmunaaðila þannig að heildarvelferð allra þeirra sem sinna atvinnustörfum er við haldið, ekki einungis gagnvart núverandi kynslóða heldur gagnvart kynslóðum framtíðarinnar.

2 Almennt yfirlit

2.1 Umfang skýrslunnar

Margir hættuþættir sem fylgja vinnustöðum, hafa áhrif á æxlun, þar með talin lífræn og ólífræn efni, (t.d. leysiefni, varnarefni, þungmálmar og lyf), sem og líffræðilegir, eðlisfræðilegir, vinnuvistvænir og sálfélagslegir þættir. Aðalskýrslan tekur þessa þætti til rannsóknar og áhrif þeirra út frá vinnuverndarsjónarmiðum (OSH), og er að miklu leyti byggð á ritgreinum þar sem farið er yfir gögn er fjalla um þessa þætti og sjónarmið.

Skýrslan skoðar ekki einungis íðefni, þó svo slík efni séu oft fyrstu efnin sem koma til tals þegar fjallað er um hættu á vinnustað er snerta æxlun. Váhrif á vinnustað af völdum lífrænna, eðlisfræðilegra, vinnuvistvænna og sálfélagslegra þátta eru einnig tekin til skoðunar. Vissir ný tilkomnir áhættuþættir eins og áhætta sem skapast af tilbúnu nanóefni og innkirtlatruflandi efnasamböndum (EDC), eru einnig skoðaðir, sem og einnig samanlögð áhrif. Tafla með yfirliti þar á meðal með dæmum um mismunandi hópa efna, þátta, mismunandi ástand og tengd áhrif og endapunkta er birt í aðalskýrslunni.

Auðkenning allra hugsanlegra áhættuþátta sem tengjast heilbrigðri æxlun og þroska í vinnuumhverfi var á hinn bóginn utan umfjöllunarviðs skýrslunnar. Þess í stað, þá er greint frá dæmum um tegundir efna og aðra viðkomandi þætti, og dæmigerð málefni sem þarf að gefa gaum af hálfu þeirra sem fást við umbætur á starfsumhverfi eru reifuð.

Undanfarin 20 ár hefur verið aukning á fjarvistum vegna veikinda meðal vanfærra kvenna á vinnumarkaði í mörgum löndum. Vandamál er tengjast meðgöngu og þroskavandamál aukast stöðugt. Vaxandi fjöldi þeirra sem vilja verða foreldrar er ófær um að geta börn og leita meðferðar vegna ófrjósemi. Til dæmis er talið að í Danmörku geti 10-15 % para sem óska eftir að eignast barn ekki getið barn innan eins árs. Enda þótt sú tilhneiging hjá þörum að bíða þangað til þau eru eldri áður en þau stofna til fjölskyldu sé viss þáttur, þá er hægt að rekja sum þessara vandamála til hættuþátta á vinnustað.

Í löggjöf um vinnuvernd, þá hefur sérstakur gaumur verið gefinn meðgöngu og áhrifunum á hið ófædda barn. Þó svo áherslan sem beinist að forvörnum á vinnustað hafi að miklu leyti beinst að konum, sérstaklega verðandi mæðrum, hafa áhyggjur af ófrjósemi karla aukist og rannsóknastarf sem beinist að henni hefur aukist. Frá árinu 1993 hafa vísbendingar um aukningu á vissri vansköpun á kynfærum karla aukist, svo og krabbamein í eistum. Í rannsókn sem fram fór meðal ungra finnskra karlanna greindu Jørgensen og samstarfsaðilar hans, til dæmis, minni fjölda sæðisfrumna. Að auki voru finnskir karlar sem fæddust kringum árið 1980 með 8-10 sinnum hærri tíðni krabbameins í æxlun en karlar sem fæddust kringum árið 1950 (Jørgensen o.fl., 2011). Ein líklegasta skýringin er að hormóna-lík efni, sem sum hver koma fyrir í vinnuumhverfinu, hafa áhrif á frjósemisheilbrigði fyrir og eftir fæðingu (Storgaard og Bonde, 2003).

Einnig eru aðrir þættir sem hafa uppgötvast síðar og hafa áhrif á konur, eins og breyting á inngöngu í umskiptin sem tengjast tíðahvörfum og sem skilgreint var af Lawson og samstarfsaðilum sem ný tilkomið vandamál (Lawson o.fl., 2006).

Auk hefðbundinna genastökkbreytinga sem leiða til vansköpunar, útheimta ýmis gangvirki er tengjast erfðum og sem nýlega hefur verið greint frá, ekki breytingar á erfðaefni (DNA), en kunna að breyta birtingarmynd DNA og leiða til arfgengra breytinga sem kunna að yfirferast til næstu kynslóða. Hugtakið „hjáerfðir“ vísar til slíkra arfgengra breytinga á genatjáningu. Þannig hafa hjáerfðir milli kynslóða komið fram sem nýtt svið rannsókna varðandi efni á vinnustað sem hafa eiturrhif á æxlun. Áherslan er á þessari stundu aðallega lögð á innkirtlatruflandi íðefni sem orsakavalda í umhverfinu sem valda breytingum sem erfast (Rissman og Adli, 2014).

Skýrslan inniheldur þess vegna einnig kafla um innkirtlatruflandi efni.

2.2 Skilgreiningar

Æxlun er ferli sem felur í sér fleiri en eitt þrep, tekur til framleiðslu kímfruma (kynfrumumyndun), frjóvgunar, hreiðrun frjóvgaðs eggs (okfrumu), þroskun fósturvísis og fósturs, barnsburðar og þroskun eftir fæðingu fram að kynþroska. Ferli þetta getur orðið fyrir truflun af ýmsum innlægum (innvortis) og utanaðkomandi (útvortis) þáttum. Nokkrir áhrifavaldar og þættir geta haft áhrif á eðlilegt ferli æxlunar og þroskun með margvíslegum hætti, þar með talið:

- beinn skaði á æxlunarfrumur, sem orsakar ófrjósemi eða skerta frjósemi;
- vakningu efnaskiptatruflana í líkama móður, sem orsaka breytingar á innvortis samvægi og gallaða þroskun fósturvísis;
- afbrigðilegan tíma þegar myndun fósturvísis á sér stað¹ og líffæramyndun² á sér stað;
- bein eiturrhif á fóstur³;
- þættir sem hafa áhrif á barnsburð (fæðingarhríðir og barnsfæðing);
- þættir sem hafa áhrif á fyrstu stig þroskunar hjá ungbarni eftir fæðingu;
- þættir sem hafa áhrif á síðari stig þroskunar hjá öllum afkvæmum;

¹ Myndun fósturvísis hjá mönnum er margslungið ferli sem á sér stað á fyrstu átta vikum eftir frjóvgun. Vika 1 til viku 8 eru álitnar vera myndunartímabil fósturvísis.

² Líffæramyndun er myndun líffæra og líffærakerfa; við lok fósturvísisskeiðs, eru öll líffærakerfi þekkjanleg.

³ Vika 9 til 37. viku meðgöngu eða fæðingar eru álitnar vera myndunartímabil fósturs. Barnið sem er að myndast nefnist fóstur.

- þættir sem skipta máli milli kynslóða.

Fagleg hugtök eru útskýrð í orðasafninu í Viðauka 9.1 í aðalskýrslunni.

Þessir þættir geta leitt til skaða eða dauða æxlunarfrumna, innanlegsdauða fósturvísis eða fósturs, afbrigðilegrar þroskunar, til dæmis afbrigðilegrar beinmyndunar (myndun beinvefs), skerts líkamlegs þroska, starfrænnar skerðingar á kerfum og líffærum, eða ensímskorts (Tafla 1).

Tafla 1: Ferlar og áhrif/endapunktur

| Ferlar sem verða fyrir áhrifum | Áhrif/endapunktur | Dæmi |
|---|--|---|
| Framleiðsla kímfruma (kynfrumumyndun) Kynhvöt | Beinn skaði á æxlunarfrumum karla og kvenna, sem orsakar ófrjósemi eða skerta frjósemi Ótímabær hnignun í frjósemi (líffræðileg öldrun) | <ul style="list-style-type: none"> • Röskun á tíðum: óreglulegar blæðingar og stöðvun tíðahrings • Tafir á getnaði • Risvandamál og erfiðleikar við sáðlát • Lækkun á gæðum sæðis, lágt hlutfall hreyfanlegra sæðisfruma |
| Frjóvgun, hreiðrun frjóvgaðs eggs Þroskun fósturvísis og fósturs | Vakning efnaskiptatruflana í líkama móður, sem orsakar breytingar á innvortis samvægi og gallaða þroskun fósturvísis Bein eiturrif á fóstur; Afbrigðilegur tími þegar myndun fósturvísis á sér stað og líffæramyndun á sér stað; | <ul style="list-style-type: none"> • Sjálfsprottin fósturlát • Sjálfsprottið fósturlát hjá sambýliskonum karla sem hafa orðið fyrir váhrifum eða tengdum fæðingargöllum • Karlvæðing kvenkyns fóstura og kvenvæðing karlkyns fóstura • Meðfædd launeistun (vöntun annars eða beggja eista úr pung við fæðingu) • Lág líkamsþyngd við fæðingu |
| Barnsburður og mjólkurmyndun | Upphaf samdráttar í legi fyrir burð gegnum hækkað magn hýdrókortísón vegna lífeðlisfræðilegra eða sálfræðilegra áhættupátta Eiturrif af efnum þar á meðal þeim sem eru virkjuð af fituvef. | <ul style="list-style-type: none"> • Fæðing fyrir tímann • Váhrif vegna brjóstamjólkur |
| Þroskun eftir fæðingu Þroskun fram að kynþroska | Áhrif á síðari stig þroskunar hjá afkvæmi | <ul style="list-style-type: none"> • Aukin hætta á krabbameini hjá börnum • Aukin tilhneiging til að fá ofnæmi • Vansköpun í hjarta, sjúkdómar í hjarta- og æðakerfi • Krabbamein í eistum |
| Áhrif milli kynslóða | Arfgeng áhrif á arfbundnum grunni | <ul style="list-style-type: none"> • Sykursýki, offita • Áhrif á taugaproska |

Heimild: safnað saman af höfundum skýrslu og verkefnastjóra.

Nákvæmstu skilgreiningar á þessum áhrifum eru framsettar varðandi efnafræðilega þætti (sjá einnig hluta 4.2.).

Þegar verið er að ákveða vinnuverndaráhrifsmörk (OEL), þá notar viðkomandi nefnd innan Evrópu (Vísindanefnd um váhrifsmörk (SCOEL) eftirfarandi skilgreiningar:

- Frjósemi tekur einnig til þeirra ferla sem liggja til grundvallar getu karla og kvenna til að koma af stað þungun. Við mat áhrifa á frjósemi, tekur SCOEL meðal annars tillit til

„neikvæð áhrif á kynhvöt, kynhegðun, sæðismyndun/eggmyndun, alla truflun á hormónastarfsemi eða lífeðlisfræðilegar færíbreytur sem hafa áhrif á getuna til að frjóvga, sem og neikvæð áhrif á frjóvgunina sjálfa og þroskun frjóvgaðs eggs fram að og að meðaldri hreiðrun“.

(SCOEL, 2013, bls. 24)

- Eiturhrif á þroskun fjallar í sinni víðustu mynd um öll áhrif sem grípa inn í þungun og eðlilega þroskun, fyrir burð sem og eftir barnsfæðingu. Þetta tekur til fósturvísiseiturhrifa/fóstureiturhrifa (sem og lækkaðs líkamsþunga, vaxtar og þroskaheftununar, eiturhrifa á líffæri, dauða, fósturláts), galla í uppbyggingu (vansköpunarmyndandi áhrif), starfrænna galla, galla kringum barnsburð eða eftir barnsburð og skerts andlegs þroska eftir barnsburð fram að og að meðöldum eðlilegum kynþroskaskeiðsgalla.

(SCOEL, 2013, p.24)

Mjög sambærilegar skilgreiningar þeim sem (SCOEL) tók upp eru notaðar í alþjóðlega samræmda kerfinu fyrir flokkun og merkingar á kemískum efnum eins og þeim er beitt í reglugerð Evrópusambandsins um flokkun, merkingar og umbúðir efna og blandna (CLP) (Efnastofnun Evrópu, 2013). Þær fjalla t.d. um tímabæra hnignun í frjósemi, sem er ekki fjallað um sérstaklega í SCOEL skilgreiningunum, en er sennilega innifalið í „alla truflun á hormónastarfsemi eða lífeðlisfræðilegar færíbreytur sem hafa áhrif á getuna til að frjóvga“ (SCOEL, 2013).

Vansköpunarmyndandi áhrif (sem valda fæðingargöllum í mönnum) teljast vera heilbrigðishætta þar ekki er lengur sérstök flokkun er fyrir hendi í nýlegri flokkunarlöggjöf ESB (CLP Reglugerð 2008). Þess í stað eru þetta álitin vera efni sem hafa eiturhrif á þroskun þar sem eiturhrif á þroskun falla undir hættuflokk efna sem hafa eiturhrif á æxlun. Efni sem hafa vansköpunarmyndandi áhrif eru flokkuð undir eiturhrif á æxlun almennt og eiturhrif á þroskun sérstaklega.

Mjólkurmyndun er til umfjöllunar í sérstakri málsgrein. Þó svo neikvæð áhrif á eða vegna mjólkurmyndunar eru til umfjöllunar undir liðnum eiturhrif á æxlun, þá eru slík áhrif tekin til umfjöllunar sérstaklega aðgreint frá annarri umfjöllun vegna flokkunarsjónarmiða. Á þennan hátt er hægt að gefa mjólkandi mæðrum sérstaka hættuviðvörðun varðandi þessi áhrif.

Hin þekkta vakning arfgengra áhrifa á arfbundnum grunni á afkvæmi er til umfjöllunar í hættuflokknum um stökkbreytandi áhrif á kímfrumur. Þessi hættuflokkur varðar fyrst og fremst efni sem kunna að valda stökkbreytingum í eggjum og sæðisfrumum (okfrumur) hjá konum og körlum, og geta borist til hvaða afkvæmis sem er.

3 Lagalegt ástand

3.1 Grunnatriði

Reglurámi ESB nær í grundvallaratriðum til allra tegunda áhættuþátta á vinnustað sem snerta æxlun: eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra eða skipulagslegra, annað hvort á grundvelli almennra ákvæða eða sérákvæða (t.d. tilskipanir varðandi barnshafandi konur eða konur með börn á brjósti, eða ungt starfsfólk). Jafnvel tilskipanir sem ekki beint tengjast vinnuverndarsjónarmiðum, eins og tilskipun um vinnutíma, kunna að stuðla að því að koma í veg fyrir hættu á æxlunarstarfsemi.

Einnig eru til staðar stefnumál ESB og löggjöf sem er ekki sérstaklega á atvinnusviði en sem kann að hafa áhrif á váhrif gagnvart starfsfólki vegna eiturefna, eins og lögin um efnin (t.d. REACH efnareglugerðin) eða umhverfisverndarmál.

Evrópska rammatilskipunin um vinnuvernd (tilskipun 89/391/EBE), setur fram skyldu vinnuveitanda um að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna á allan hátt sem tengist vinnu og að framkvæma áhættumöt og koma upp forvarnarráðstöfunum (Evrópuráðið, 1989) þar sem fylgt er ákveðinni stigskiptingu:

1. útilokun (þar á meðal uppbót): brottnám hættuþátta af vinnustað eða veruleg fækkun þeirra;
2. hönnunarstjórnþætti: bætt hönnun eða aðlögunarbreytingar á verksmiðjum, tækjum, loftræstikerfum og verkferlum sem draga úr váhrifum;
3. stjórnábylgja stjórnþætti: stjórnþætti sem breyta því hvernig verk er unnið, þar á meðal tímasetning vinnu, stefnumál og aðrar reglur, og vinnuaðferðir eins og staðlar og verklagsreglur (þar með talið þjálfun, tiltekt, viðhald tækjabúnaðar og venjur varðandi persónulegt hreinlæti);
4. persónuhlífar (PPE): búnaður sem einstaklingar nota til að draga úr váhrifum, eins og snerting við efni eða váhrif vegna hávaða.

Við aðstæður þar sem ekki er bein leið til að hafa stjórn á hættu, eða ef löggjöfin er ekki sértæk, þá ættu fyrirtækin að leita ráðgjafar frá sérfræðingum á sviði vinnuverndarmála eins og frá sérfræðingum um hreinlæti á vinnustað eða um öryggismál á vinnustað. Hvað sem öðru líður þá er rammatilskipunin og lykilkörfur hennar ennþá í gildi, það er, áhættumat, stjórnþætti sem notuð eru samkvæmt sértækri stigskiptingu, notkun forvarnarþjónustu, upplýsingagjöf og þjálfun starfsfólks, ráðgjöf til starfsmanna eða fulltrúa þeirra, og heilbrigðiseftirlit.

3.2 Sértæk löggjöf er af skornum skammti

Þó svo rammatilskipunin sé mjög stíf að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna þá nefnir hún ekki sérstaklega neikvæða þætti varðandi æxlun og þroskun. Hins vegar þá hafa evrópskir löggjafaraðilar séð þörfina á sérgreindari tilskipunum til að bæta upp almennari ákvæði þar á meðal þau sem fjalla um:

- efnafræðilega og líffræðilega áhrifavalda;
- eðlisfræðilega þætti;
- sálfélagsleg málefni;
- berskjaldaða hópa.

Aðalskýrslan kynnir efnalöggjöf þar sem áherslan er á vinnuverndarsjónarmið (þar á meðal í umhverfi vinnuverndarvahrifsmarkna - OEL), reglusetningu með viðmið út frá vinnuverndarsjónarmiðum, eins og reglugerðin um efnareglurnar - REACH (þar á meðal samanburður milli vinnuverndarvahrifsmarkna - OEL og afleiddra markna um engin afleidd árhif (DNELs)), og samræmdu flokkunina (reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun - CLP). Skýrslan fjallar einnig um reglur um leysa, sæfiefni, varnarefni og reglugerðir um innkirtlatruflandi íðefni.

Hins vegar þá eru varla neinar sérstakar reglur sem gilda um áhættuþætti á vinnustað gagnvart æxlunarstarfsemi, æxlunarkerfi og sem hafa í för með sér áhrif á þroskun. Hér á eftir er gerð samantekt um þá löggjöf sem inniheldur sérstök ákvæði og fjallað er um þau málefni sem löggjöfin tekur til og þær eyður sem finnast í henni.

3.3 Berskjaldaðir starfsmenn

Mikilvægur hluti hinnar sérstöku löggjafar snertir berskjaldaða starfsmenn. Sáttmalarnir um Alþjóðavinnuástandstofnunina (ILO) og tilskipununum um unga starfsmenn, þungaða starfsmenn, starfsmenn sem nýlega hafa fætt börn, og konur sem eru með barn á brjósti, er lýst í skýrslunni.

3.4 Tilskipanirnar um þungaða starfsmenn, starfsmenn sem nýlega hafa fætt börn, og konur sem eru með barn á brjósti

Tilskipun ESB um vernd þungaðra starfsmanna og starfsmenn sem nýlega hafa fætt börn eða sem eru með barn á brjósti, (Tilskipun ráðsins 92/85/EBE) viðurkennir alls konar aðstæður sem kunna að hafa í för með sér áhættu fyrir nýbakaðar og væntanlegar mæður. Hún gefur viðmiðunarreglur til að leggja mat á ekki aðeins hættur sem tengjast efnafræðilegum áhrifavöldum en einnig eðlisfræðilegum og líffræðilegum áhrifavöldum, og vinnuvistfræðilegum, eðlisfræðilegum og sálfélagslegum þáttum. Hún inniheldur sérstök ákvæði sem kveða á um næturvinnu, fæðingarorlof, mæðraskoðanir, atvinnuréttindi, og vernd gegn brottrekstri vegna mismununar.

Starfsmönnum sem áherslan er lögð á má ekki undir neinum kringumstæðum skylda til að framkvæma störf þar sem matið hefur leitt í ljós hættu á váhrifum af völdum þátta sem myndu geta skapað hættu gagnvart öryggi þeirra og heilbrigði, eða gagnvart öryggi og heilbrigði afkvæma þeirra. Þessi áhrifavaldar, þættir og vinnuaðstæður eru skilgreindar í Viðauka II við tilskipunina. Til dæmis þá skulu aðildarríki tryggja að barnshafandi starfsmönnum sé ekki gert skylt að vinna á næturvöktum þegar læknisfræðileg sjónarmið færa rök að því (með fyrirvara um að lagt sé fram læknisvottorð).

Tilskipunin ætti að þjóna sem grundvöllur þess að fram fari áhættumat varðandi allar starfsathafnir sem barnshafandi starfsmenn eða þeir sem eru með barn á brjósti kunna að framkvæma, og tengdum ráðstöfunum ætti að koma á fót til að koma í veg fyrir þessa áhættuþætti. Til kynna ætti starfsmönnum um niðurstöður áhættumats og um þær ráðstafanir sem til stæði að gera (t.d. breyting á vinnuaðstæðum, flutningur í annað starf, eða boð um að taka fri).

Evrópusambandið hefur gefið út viðmiðunarreglur til að styðja framkvæmd á tilskipuninni (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2000). Lagt hefur verið til að tilskipunin og tengdar viðmiðunarreglur kunni að þarfnast uppfærslu til að endurspeglar breytingar á váhrifum á vinnustað og á starfsvenjum. Sem dæmi um slíkt er bent á að áhættuþættir vegna málmsuðu taka einungis til þeirra þátta sem tengjast rafsegulgeislun sem ekki er jónandi, og ekki til málmsuðuagna.

4 Íðefni með eiturhrif gagnvart æxlun

Áhættuþættir sem tengjast æxlun og þroskun verða viðurkenndir sem slíkir aðeins ef þeir hafa verið rannsakaðir á viðeigandi hátt. Að því er varðar íðefni, þá er sem stendur fyrir hendi mikið ósamræmi milli fjölda íðefna sem er í notkun og fjölda íðefna sem hafa verið metin með tilliti til eiturhrifa á æxlun (Lawson o.fl., 2003). Þetta gæti einnig útskýrt þá staðreynd að uppfærðir listar með íðefnum sem hafa eiturhrif á æxlun og eru lagalega bindandi innan Evrópusambandsins, taka einungis til 150 íðefna (þar á meðal varnarefna) sem flokkuð eru sem íðefni sem hafa eiturhrif á æxlun (flokkur 1A: efni sem vitað er um að hafi æxlunaráhrif á menn; og flokkur 1B: efni sem ætlað er að hafi eiturhrif á æxlun manna) af þúsundum íðefna á listunum yfir flokkuð efni⁴ (Milieu og RPA, 2013). Listi yfir efni með eiturhrif gagnvart æxlun og efni með eiturhrif gagnvart þroskun fylgir með í aðalskýrslunni. Hann nær yfir mikinn fjölda efna sem eru til í mörgum iðnaðarvörum, eins og málningu, lími eða hreinsiefnum, en einnig í efnum sem notuð eru í þjónustugeirum eins og heilbrigðisþjónustu eða hárlagningar þar sem vitund um tengda áhættu getur verið lítil.

Í eftirfarandi hlutum útskýrum við hvernig eiginleikar efna sem hafa eiturhrif á æxlun og áhrif efna á þroskun eru metin, og hvernig þetta mat er innrammað í sérstaka löggjöf eins og efnareglugerðina. Til að skýra þessa eiginleika þá kynnum við valinn fjölda dæma þar sem efni hafa verið metin vegna þessara eiginleika og þá sönnun sem er fánleg. Við lok þessa kafla, eru dregnar ályktanir um stöðu þekkingar og götin sem fundist hafa.

⁴ Viðauki VI við Reglugerð 1272/2008 (CLP reglugerð) inniheldur lista yfir samræmda flokkun og merkingar fyrir efni sem eru með eiturhrif gagnvart æxlun og ákveðin önnur efni eða flokka efna sem eru löglega bindandi innan ESB. Samræmd flokkun og merking hættulegra efna er uppfærð á hverju ári gegnum „Aðlögun að tæknilegum framförum (ATP)“ af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Excel tafla sem inniheldur allar uppfærslur að samræmdri flokkun og merkingum á hættulegum efnum er fánleg á vefsíðu Efnastofnunar Evrópu.

Í heildarskýrslunni eru fleiri efni rædd, en í þessu yfirliti, eru kynntar nokkrar dæmigerðar niðurstöður sem sýna hið víða svið efnafræðilegra þátta sem kunna að valda sjúkdómum í æxlunarfærum og heilbrigðisvandamálum í þroskun.

4.1 Skráning, Mat, Heimild og Takmörkun á Íðefnum (REACH)

REACH reglugerðin veitir ramma fyrir upplýsingar um hættuleg efni sem flytjast upp og niður aðfangakeðjurnar. Samkvæmt REACH reglunum verða framleiðendur og þeir sem markaðssetja efni umfram ákveðið lágmarksmagn að skrá efni. Löggjöfin er með stigskipta nálgun: því meira magn af efnum sem markaðssett er eða framleidd eru af einum einstökum skráðum aðila, því fyrr er frestur til skráningar útrunninn, og því strangari eru skilyrðin.

4.1.1 Prófunarkröfur fyrir íðefni

Varðandi efni sem eru markaðssett í magni sem er 10 tonn á ári eða meir, þá er krafist staðlaðra dýrprófana varðandi æxlun, og gæti tekið til prófana varðandi eiturrif á ónæmiskerfi og á taugakerfi við þroskun, sem tekur bæði til karlkyns og kvenkyns frjósemi, og þroskun fyrir og eftir fæðingu hjá afkvæmum, Hinsvegar er hægt að aðlaga þessar prófanir („veita undanþágu frá“) með því að leggja fram magn sönnunargagna sem réttlætir slíkt, með notkun prófana sem voru framkvæmdar með efnafræðilega skyldum efnum, eða með aðlögunum á grundvelli váhrifa.

Kröfur um prófun eru einnig ákveðnar samkvæmt tonnafjölda (tonnage), þ.e. samkvæmt árlegum tonnafjölda af hverju efni sem framleitt er, eða flutt er inn. Þannig á að heita að tonnafjölda endurspegli fyrirsjáanleg váhrif. Þessar reglur um tonnafjölda krefjast ekki strangra prófana varðandi eiturrif á æxlun þangað til frekar háu marki er náð. Minnstu prófunarkröfur við hvert tonnastig kunna samt sem áður að verða auknar á grundvelli hvers máls fyrir sig ef önnur lögboðin próf gefa ástæðu fyrir áhyggjum (Piersma, 2013). Frekari upplýsingar um þetta er hægt að finna í nýlegri útgáfu um prófanir á grundvelli vanskapnaðarfræði samkvæmt REACH (Barton, 2013) og í ECHA leiðbeiningum (ECHA, 2015). Prófunarkröfur eru kynntar í smáatriðum í aðalskýrslunni, þar á meðal prófunarkröfur Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og notkun þeirra með hliðsjón af tonnafjöldaákvæða REACH. Aðalskýrslan fjallar einnig um áhrif nýrra uppgötvana eins og áhrif milli kynslóða og skort á gögnum um váhrif. Hins vegar að því er varðar eiturrif efna á æxlun þá eru einungis örfáir endapunktur taldir með í prófunarkröfunum

Efni sem miklar áhyggjur stafa af

Samkvæmt REACH, þá getur aðildarríki eða Evrópska efnastofnunin einnig lagt fram tillögu um að efni verið skilgreint sem efni sem veldur miklum áhyggjum. Aðildarríki hafa lagt fram tillögur um nokkurn fjölda efna fram til þessa, vegna endapunkta um æxlun. Skráning efnis sem efni sem veldur miklum áhyggjum (SVHC) hjá Evrópsku efnastofnuninni (ECHA) er fyrsta skrefið í ferlinu til að takmarka einn eða alla þætti notkunar efnis. Í þessum tilvikum má ekki framar nota efnin, nema ef þau fara gegnum heimildarferlið, sem merkir að áhættur geta verið undir fullnægjandi stjórn (Grein 60.2) Hins vegar þá getur heimild aðeins verið veitt fyrir slík efni sé það sýnt að þjófélagslegur og efnahagslegur ávinningur vegi upp á móti áhættuna, og það séu ekki nein viðunandi önnur efni eða tækni sem hægt sé að nota í staðinn (Grein 60.4) (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2011). Fyrsti listinn með SVHC-efnum var birtur þann 28. október 2008 og listinn hefur verið uppfærður mörgum sinnum (með uppfærslu þann 20. júní 2016 inniheldur hann samtals 169 SVHC-efni), og það er einnig listi með SVHC-efnum í greinunum. Þegar búið er að skrá efni á listann felur ECHA viðkomandi að gera tækniskýrslu þar sem greindar eru allar fáanlegar upplýsingar um framleiðslu, innflutning, notkun og losun efnis, sem og hugsanlegir valkostir. Á grundvelli þessarar skýrslu ákveður ECHA hvort eigi að forgangsraða efni eða ekki, í raun, hvort eigi að leggja til við Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að bæta efninu við í Viðauka XIV við REACH reglugerðina, og þar með að gera notkun þess háða heimildarveitingu.

Skortur á gögnum og mati á heilsufarsáhrifum leiðir til skorts á vernd

Þó búið sé við að skráning undir REACH muni bæta þekkinguna á andstæðum áhrifum efna og heildargæði gagnasafns um hættuleg efni; reglan um magn efna er álitin vera vandamál, þar sem hún leiðir til skorts á gögnum varðandi efni sem framleidd eru í litlu magni. Að auki varðandi eiturrif íðefna

á æxlun þá eru einungis fáir endapunktur sem snerta eiturhrif á æxlun og þroskun teknir með í kröfum um prófanir. Varðandi mörg áhrif sem talin eru vera fyrir hendi með tilliti til æxlunar, eru ekki til matsaðferðir (áhrif á æxlunarkerfi karla, mörg áhrif (sérstaklega langtíma áhrif) á afkvæmi, áhrif á ónæmiskerfi og efnaskipti, tíðahvörf, kynþroski hefst fyrir, áhrif milli kynslóða, o.s.frv.), sem merkir að þau verða ekki tekin með í skyldu skráningaraðila til að ganga frá váhrifasviðsmyndum, og afleidd mörk um engin áhrif - DNEL (stig samkvæmt REACH um engin áhrif), þar sem kerfi eru ekki til staðar til að skoða þessi áhrif. Þessar takmarkanir eru ekki almennt þekktar, jafnvel meðal fagfólks um vinnuvernd, sem veldur víðtæku vanmati á hættum á vinnustað varðandi æxlun.

Framleiðendur og innflutningsaðilar ættu þess vegna að skoða varúðarregluna ⁵ þar sem gagnagöt hafa fundist eða grunur leikur á að þau séu til staðar.

Umsóknarlisti um efni sem óskað er eftir að verði viðurkennd samkvæmt REACH hvetur til aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum efna sem hafa eiturhrif á æxlun með því að takmarka notkun þeirra, en ferlið við að þróa listann gengur hægt. Að loknum átta árum inniheldur listinn kringum 169 færslur, þar sem aðeins sum eru efni sem hafa eiturhrif á æxlun.

4.2 Atvinnutengd váhrifsmörk varðandi efni sem hafa eiturhrif á æxlun

Atvinnutengd váhrifsmörk fyrir hættuleg efni veita mikilvægar upplýsingar varðandi hættumat og stjórnun. Varðandi efni sem hafa eiturhrif á æxlun eru hinsvegar takmarkanir og göt sem þarf að skoða og fjalla um.

Skilgreiningar og setning atvinnutengdra váhrifsmarka

Vísindanefnd ESB um atvinnutengd váhrifsmörk (SCOEL) hefur lýst aðferðafræðinni sem nefndin beitir þegar verið er að ákveða vinnuverndarváhrifsmörk (OEL), og tekur nefndin tillit til áhrifa á afkvæmi. Markmiðið er

„að setja mörk varðandi váhrif um andrúmsloft þannig að váhrif, jafnvel þegar þau eru endurtekin reglulega gegnum allan starfsaldurinn, munu ekki hafa í för með sér aukaverkanir á heilsu þeirra einstaklinga sem verða fyrir váhrifum og/eða á afkomendur þeirra á nokkrum tímapunkti“

(SCOEL, 2013, bls. 8)

Í grundvallaratriðum ættu markgildi þess vegna að vera verndandi fyrir hið ófædda barn og framtíðar kynslóðir. Fáanlegt útgefið efni um neikvæð áhrif á æxlun er til athugunar hjá SCOEL um hvort hægt sé að nota það einnig varðandi atvinnutengd váhrifsmörk vegna íðefna á vinnustað, en varðandi mörg efni eru slík gögn ófullnægjandi eða ekki fyrir hendi. SCOEL bendir venjulega á þennan skort á gögnum í skjölum sínum.

Atvinnutengd váhrifsmörk er einungis hægt að ákveða í þeim tilvikum þar sem endurskoðun á öllum fáanlegum vísindagögnum leiðir til þeirrar niðurstöðu að það er mögulegt að skilgreina skýr greinimörk fyrir skammta en undir slíkum mörkum þá eru váhrif af efni sem um er að ræða ekki talin hafa í för með sér neikvæð áhrif (Bertazzi, 2010).

Varðandi efni þar sem ekki eru nein örugg greinimörk (t.d. krabbameinsvaldar) í mörgum löndum, þá hafa atvinnutengd váhrifsmörk ekki verið ákveðin, en lagt er til að sé ekki hægt að útiloka þau, að þá

⁵ Varúðarreglan er rædd nánar í 191. grein sáttmála um starfsemi Evrópusambandsins (TFEU). Hún tengist nálgun gagnvart áhættustjórnun þannig að sé möguleiki á því að gefin stefna eða aðgerð gæti valdið skaða gagnvart almenningi eða umhverfi og sé ennþá engin vísindaleg sátt um málefnið, þá ætti ekki að fylgja þeirri stefnu eða aðgerð eftir. Þegar kemur að því að fleiri vísindalegar upplýsingar verða aðgengilegar, þá ætti að endurskoða ástandið. Reglugerðarammii ESB um íðefni (REACH) er byggður á varúðarreglunni eins og almenna reglugerðin um matvæli ((Reglugerð (EB)N178/200). Orðsending frá Framkvæmdastjórninni um varúðarregluna (COM(2000) 1 endanleg frá 2 febrúar 2000) upplýsir áhugasama aðila um hvernig Framkvæmdastjórnin ætlar sér að beita reglunni.

Í víðara samhengi þá segir í varúðarreglunni (eða varúðarnálguninni) varðandi áhættustjórnun að þegar um sé að ræða skaða á heilsu manna, eða gagnvart umhverfinu, á ætti að gera varúðarráðstafanir jafnvel þótt sumar tengingar milli orsakar og afleiðingar hafi ekki verið sannaðar fyllilega á vísindalegan hátt. Sönnunarbyrðin um að þetta valdi ekki skaða hvílir á þeim sem grípa til aðgerða sem kunna að valda áhættu.

verði þau notuð í minnsta mögulega magni. Í öðrum löndum eins og Þýskalandi og Hollandi hafa verið sett váðörk sem mælst er til að séu notuð, á grundvelli hugmyndar um ásættanlega áhættu, venjulega á bilinu 10^{-2} til 10^{-5} , sem veltur á því hvort áhættan verði tíðni breytinga á heilsuástandi yfir eitt ár eða ævilangt (Czerczak, 2004). Málþingið árið 2014 EU-OSHA í París auðkenndi áframhaldandi umræðu um hvort skoða ætti efni sem hafa eiturhrif á æxlun sem greinimarkarefni eða ekki.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum EU-OSHA á atvinnutengdum váhrifsmörkum varðandi efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða eitruð gagnvart æxlun, þá eru til eru mismunandi nálganir varðandi hættu gagnvart æxlun, atvinnutengd váhrifsmörk og reglugerðir um þungaða starfsmenn. Með þeirri undantekningu sem felst í sameiginlegum evrópskum atvinnutengdum váhrifsmörkum þá setur hvert aðildarríki sín eigin innlendu atvinnutengd váhrifsmörk (EU-OSHA, 2009a).

Vegna hins margbrotna ferlis sem fylgir setningu slíkra reglna þá hafa atvinnutengd váhrifsmörk einungis verið sett varðandi takmarkaðan fjölda váhrifsmarkna sem verið er að nota á vinnustöðum. Mörg aðgengileg gögn um menn styðja ekki neitt mat á tengslunum skammtastærð-svörum, eða skammtastærð-áhrif varðandi atvinnutengd váhrif af iðefnum.

4.2.1 Skortur á gögnum og óvissuþættir

Atvinnutengd markgildi eru sögð fyrir á grundvelli samtíma þekkingar. Þetta er skynsamlegt, þar sem markagildi skulu endurspeglar sérfræðimat á grundvelli vísindagagna. Hin fáanlegu gögn eru hinsvegar oft ófullgerð, og framreikningar á niðurstöðum um dýratilraunir sem miða að setja mörk um magn eða styrkleika sem er öruggur fyrir menn vekur upp margar efasemdir (Gromiec og Czerczak, 2002). Margar tegundir áhrifa á heilsu sem lýst er að ofan (áhrif á þroskun og æxlun), svonefndir endapunktur, eru ekki talin með í þeim hugleiðingum í stöðluðu ferlinu við að fastsetja gildi varðandi iðefni vegna þess að ekki eru til neinar prófunar-/matsaðferðir.

Séu eiturefnafræðilegar rannsóknir pantaðar af t.d. REACH, þá mun þekking ekki aukast nema hafist verði handa um aðgerðir af öðrum aðilum (SCOEL, 2013). Háskólastofnanir framkvæma veluppbyggðar fjárfjárfræðilegar rannsóknir til þess að rannsaka óvissuþætti varðandi áhrifin þegar um lítil váhrif er að ræða, (t.d. fjármagnaðar af innlendum rannsóknarsjóðum). En venjulega líður langur tími þangað til niðurstöðurnar komast inn í kerfið til að stuðla endurmati á reglum (t.d. á atvinnutengdum markgildum). Uppfærsla löggjafar er í sjálfu sér hægfara ferli og felur í sér frekari tafir milli þess að ný gögn eru viðurkennd og vernd fyrir starfsmenn kemst til framkvæmda. Þetta er raunin jafnvel þótt nýjar niðurstöður benda til þess að um neikvæð áhrif sé að ræða jafnvel við minni skammtamagn heldur en áður var gert ráð fyrir. Sem dæmi er hin litlu skekkjumörk milli þess magns sem hefur áhrif og líffræðilegra markgilda fyrir blý, sem eru aðeins tvisvar sinnum tölulegt gildi nálgæðra greinimarkna fyrir áhrif á frjósemi karla, þó svo margir starfsmenn verða enn fyrir váhrifum af blýi og efnablöndum þess. Sveigjanlegri nálgun varðandi endurmat á atvinnutengdum váhrifsmörkum er þess vegna nauðsynleg, til að geta brugðist skjótt við nýjum gögnum sem benda til þess að um neikvæð áhrif sé að ræða við lægri váðörk en áður hafði komið fram.

Einnig er algengt að váhrifsmörk sem mælst er til að séu notuð séu leidd af einungis einum mælanlegum eituráhrifum sem talin eru mest viðkvæm miðað við þær breytingar sem athugaðar hafa verið, og skiptir máli varðandi eðlilega starfsemi líkamans (Czerczak, 2004). Þess vegna er ekki víst að atvinnutengd váhrifsmörk hafi í raun verið sett fyrir æxlunar endapunkta.

Ráðgjafarnefndin fyrir öryggis- og heilbrigðisvinnuhópinn fyrir kemísk efni er þess vegna að leita að gangvirki til að endurbæta setningu atvinnutengdra váhrifsmarkna varðandi efni sem ekki eru með greinimörk. Endurteknar niðurstöður um neikvæð áhrif við váhrifamagn sem er nálægt eða undir því váhrifamagn sem er tilgreint í viðurkenndum atvinnutengdum váhrifsmörkum í vel samsettum rannsóknum gæti ræst endurmat eða upphaf á rannsóknum sem sérstaklega eru gerðar til að ræsa þessi áhrif. Þetta er sérstaklega mikilvægt varðandi eiturhrif gagnvart æxlun og þroskun sem að öðrum kosti verða hugsanlega ekki sett í prófun.

Óvissuþættir og meðganga, kynfrumur (sæðisfrumur og eggfrumur)

Lægri óvissuþættir eru venjulega viðurkenndir þegar verið er að ákveða heilsutengd váhrif varðandi atvinnutengt umhverfi, samanborið við markgildi sem ákveðin hafa verið fyrir umhverfið og íbúana í heild.

Þetta er byggt á undirliggjandi (en stundum vafasamri) ályktun að atvinnuþátttakendur meðal íbúa eru með minni frávik varðandi aldur og heilsu en almenni hluti íbúa. Að auki þá er fyrir hendi óraunveruleg hugmynd varðandi það hversu mikið sé um vöktun og stjórn á váhrifum af íðefnum á vinnustað í þá veru að váhrif af íðefnum séu vöktuð og þeim stjórnað á vinnustaðnum (Fairhurst, 1995). Meðan á meðgöngu stendur þá er kona að setja fóstur sitt undir váhrif gagnvart hættum á vinnustað, þar með eykst breytileiki í aldri og einnig ef til vill heilsuástand, að því leyti að fóstur eru í sumum tilvikum næmari heldur en fullorðnir gagnvart váhrifum af efnum. Skaði vegna eiturs kann einnig í sumum tilvikum að vera afturkallanlegur hjá fullorðnum, en svipuð váhrif geta leitt til varanlegra áhrifa þegar slíkt kemur fram við þroskun fósturs. Ein ástæða þessa er að fóstur sem er í þroskun gengur í gegnum ákafa frumuskiptingu og aðgreiningu, sem er mjög breytt umhverfi miðað við fastmótaðri (þ.e. fullorðins) vef (Larsen, 2001). Þetta á einnig við að einhverju leyti um kynfrumur (sæðisfrumur og eggfrumur), þar sem þær eru undanfarar getnaðar. Enn fremur þá hneigjast váhrif í átt til þess að vera meiri á vinnustaðnum en almennt í samfélaginu. Sagt hefur verið að stundum séu starfsmenn „kanarífuglar eða varðmenn“, sem fyrstir sýna þau heilsuáhrif sem hægt er að búast við að geti orðið verði um víðtækari váhrif að ræða í samfélaginu“ (McDiarmid og Gehle, 2006).

Hægt er að draga þá niðurstöðu að jafnvel þótt efni sem hefur eiturrif á æxlun sé háð atvinnutengdum váhrifsmörkum þá þýðir það ekki nauðsynlega að það sé verndandi með tilliti til æxlunaráhrifa (EU-OSHA, 2009a). Frekari vitund um þessa staðreynd ætti að vekja meðal starfsmanna, og einnig meðal almennra íbúa.

4.3 Málmar

Málmar og málmleysingar eru meðal þeirra efna þar sem eiturrif gagnvart æxlun og þroskun hafa verið rannsökuð í faraldursfræðilegum rannsóknum, sem og í tilraunadýrum, og nokkrir málmar eru flokkaðir sem eitrefni gagnvart þroskun (þ.e. þeir fela í sér hættu gagnvart þroskun fósturs). Það er fyrir utan svið þessarar skýrslu að lýsa eiturrifum allra máлма í vinnustaðarumhverfi gagnvart æxlun. Í stað þess þá eru blý og blýefnablöndur kynntar í meiri dýpt sem lýsandi dæmi um nokkur vandamál sem skipta máli.

4.3.1 Blý sem dæmi um efni sem hefur eiturrif á æxlun og þroskun

Blý er ein mest rannsakaða og alvarlegasta áhætta í starfi. Blý hefur verið notað í síauknum mæli frá síðari heimsstyrjöld í nokkrum Evrópuríkjum. Sem stendur þá er notkun á blýi langmest í framleiðslu og endurvinnslu á rafhlöðum, en váhrif á sér einnig stað í t.d. byggingarframkvæmdum og niðurrifi, og í bræðslu og meðferð á brotajárni. Blý kemur fram í nokkrum mismunandi myndum, þar á meðal í lífrænum myndum, og váhrif stafa einna helst af innöndun rykagna sem innihalda blý. Þegar líkaminn hefur tekið efnið í sig þá safnast það upp í líkamanum þar sem helmingunartíminn í mismunandi vef nær frá nokkrum dögum yfir í nokkur ár. Meðal almennings er blýmagn í blóði um það bil 2-10 µg/dL, en blýmagn í blóði yfir 60 µg/dL er ekki óalgengt, sérstaklega hjá karlkyns starfsmönnum sem verða fyrir váhrifum. Blý flyst auðveldlega frá móður til fósturs.

Hjá karlmönnum breytir blý eiginleikum sæðis og dregur úr frjósemi við miðlungi hátt magn í blóði. Vísindanefnd um váhrifsmörk (SCOEL) áætlaði að viðmiðunarmörk fyrir blýmagn í blóði þegar það getur haft áhrif á frjósemi karla séu nálægt 40 µg/dL. Niðurstöður nokkurra nýlegra faraldursfræðilegra rannsókna benda hins vegar til þess að blý hafi áhrif á frjósemi karla við verulega lægra magn í blóði, en faraldursfræðilegar rannsóknir í til þess að skýra þessa niðurstöðu hafa bersýnilega ekki verið hafnar innan Evrópusambandsins.

Frjósemi kvenna hefur lítið verið rannsökuð í tengslum við váhrif gagnvart blýi. Blýmagn í konum kann að virkjast á meðgöngu og getur útsett barnið meðan á þroskun fósturs stendur og við mjólkurmyndun. Hið síðarnefnda veldur sérstaklega áhyggjum, þar sem taugakerfið er mjög næmt gagnvart eiturrifum vegna blýs eftir fæðingu.

Taugakerfi fósturs er líklega í mestri áhættu þegar blýmagn í blóði hjá móður eykst vegna atvinnutengdra áhrifa. Vísindanefnd um váhrifsmörk (SCOEL) komst að þeirri niðurstöðu árið 2002 að ekki er hægt að komast að endanlegum viðmiðunarmörkum varðandi þroskun taugakerfis hjá fósturum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem eru 0,15 mg blý/m³ reiknað yfir 40-stunda vinnuviku, og bindandi líffræðilegt viðmiðunarmark sem er 70 µg blý/dL. Tekið hefur verið eftir því að þetta leiðir til þess að ekki eru nein óvissumörk milli þess stigs þar sem ekki er um nein áhrif að ræða og viðmiðunarmark (í blóði) í starfi og mörg Evrópuríki fyrirskipa og framkvæma lægri líffræðileg viðmiðunarmörk. Þýska MAK nefndin til dæmis greinir milli starfsmanna almennt (hámark blýs í blóði 40 µg/dL) og kvenna á barnsburðaraldri (þ.e. undir 45 ára) sérstaklega (hámark blýs í blóði 10 µg/dL) til að lágmarka mögulega hættu fyrir fóstur.

Á framgreindu málþingi Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar - EU-OSHA í París var bent á að verið sé að endurskoða vinnuverndaráhrifsmörk fyrir blý, og þrátt fyrir tæknilegar framfarir er margt starfsfólk ennþá að verða fyrir váhrifum af blýi og efnasamböndum þess (EU-OSHA, 2014).

4.4 Lífrænir leysar

Lífrænir leysar innihalda nokkurn fjölda efnasambanda með mismunandi uppbyggingu íðefna sem tilheyra mismunandi efnaflokkum. Til dæmis þá teljast til arómatískra vetniskolefna íðefni eins og bensen, tólúen og sýlen; fyrstnefnda efnið er efnispáttur í eldsneyti, hin tvö er að finna í málningu. Tríklórétýlen, koltetraklóríð og díklórmetan eru klóruð kolvetni, sem eru æ minna notuð vegna eitrunareiginleika þeirra. Ennþá er mikið verið að nota vetniskolefni, glýkól eter og asetón. Eðlisfræðilegir eiginleikar þessara efnasambanda, eins og vatnsleysni og fituleysni og almennt lágt uppgufunarhitastig, gera að líklegt er að líkaminn tekur þau inn í sig við innöndun og/eða gegnum húð.

Nokkur dæmi um áhrif þeirra sem lýst er í fræðiritum um þessi efni, eru útlustuð að neðan.

Vegna útbreiddrar notkunar leysiefna er fjöldi starfsmanna sem verður fyrir váhrifum hlutfallslega hár. Leysar eru mestmegnis notaðir í blöndum; rannsóknir fjalla þess vegna oft um blöndur með leysiefnum, sérstaklega þegar um faraldursfræðilega nálgun er að ræða með hiðsjón af starfssviðum. Þó svo þetta valdi því að erfiðara er að rekja áhrifin til ákveðinna efna þá er það samt meira lýsandi fyrir raunveruleg váhrif á vinnustað.

Þó svo fullkomin gögn séu ekki alltaf fáanleg til að hægt sé að meta tengslin milli váhrifa af tilteknum leysum og æxlunarvanskapað, þá er samdóma álit að efnasamböndin í þessum flokki efna orsaki æxlunartuflanir hjá mönnum. Þess vegna er nauðsyn á verndarráðstöfunum til að draga úr atvinnutengdum váhrifum og **vanfærar konur eru taldar þurfa sérstakrar verndar við gagnvart áhrifum váhrifa af þessum efnum.**

Í atvinnuumhverfi geta starfsmenn orðið fyrir váhrifum ekki eingöngu frá einstökum áhrifavöldum, en einnig frá hvaða samsetningu áhrifavalda sem vera kann. Starfsmenn kunna einnig að verða fyrir váhrifum gegnum mismunandi leiðir samtímis (t.d. innöndun, frásog gegnum húð eða inntöku). Algengar samsetningar eru meðal annars leysiblöndur, hávaði og efni sem hafa eiturvekanir á heyrn, blöndur varnarefna, hreinsiefni og sótthreinsiefni, hvers konar áhrifavalda/efni (þar á meðal líffræðilegir áhrifavalda) sem notaðir eru í heilbrigðisþjónustu, nanóefni sem notuð eru í miklum fjölbreytileika í framleiðslu á vörum til sérnota (málning, lím, hreinsiefni, heilbrigðisþjónusta), lofttegundir frá málmsuðu í tengslum við geislun, hávaði, hiti og óþægilegar stellingar, og, að lokum, streita.

Þetta er stórt svið þar sem eru mörg aðferðafræðileg vandamál, og fram að þessu hafa verið gerðar mjög fáar úttektir eða rannsóknir. Eftirfarandi málsgreinar eru með stutt yfirlit yfir það sem hefur verið greint fram að þessu.

Nokkurt tillit hefur þegar verið tekið til blanda af íðefnum eins og innkirtlatruflandi efna í kafla 3.

6.1 Leysiblöndur

Rannsóknirnar sem minnst var á að framan hafa staðfest verulega fylgni milli sjálfsprottins fósturláts og tíma, og þungunar og atvinnutengd váhrif og lífrænar leysiblöndur. Ennfremur þá sýndi rannsókn að vaktavinnufólk væri verulega líklegar til að verða fyrir sjálfsprottu fósturláti heldur en starfsmenn sem ekki vinna vaktavinnu. **Samvirk áhrif** á sjálfsprottið fósturlát var fundið að væri fyrir hendi **milli vaktavinnu og atvinnutengdra váhrifa gagnvart lífrænum leysiblöndum** (Attarchi o.fl., 2012).

Vulimiri og félagar bentu á í úttektargrein árið 2012 um sérstaka einstaka leysa og gastegundir að flest váhrif koma frá flóknum blöndum af efnum. Þeir draga þá ályktun að það sé mikilvægt að safna saman fleiri upplýsingum um bæði einstök efni og blöndur af efnum (Vulimiri o.fl., 2012).

Lawson og félagar minnst á rannsókn (Cardinale og Pope, 1994) sem sýndi að neikvæð áhrif á æxlun af andandrógvirku varnarefni (Lawson o.fl., 2006).

6.2 Streita og íðefni

Bæði streita og íðefni geta haft áhrif á þroska fósturs. Hvað gerist ef báðar tegundir áhrifa eiga sér stað samtímis á meðgöngu. Þetta hefur ekki verið rannsakað í faraldursfræðilegum rannsóknum. Úttekt á nálega 40 dýrarannsóknum sýndi að streita getur aukið áhrif váhrifa af efnum þegar váhrifin af efnunum er svo mikil að það er í sjálfu sér innleidd áhrif í afkvæmi, eða móðirin hafði orðið fyrir miklum áhrifum (Hougaard, 2005, 2010). Fjöldi rannsókna er hins vegar takmarkaður, og flestir notuðu efni í mjög miklum skömmtum (Rider o.fl., 2009; Taskinen o.fl., 1999).

6.3 Íðefni og langvinnar setur

Rannsókn sem gerð var árið 2009 á áhrifum vinnustellinga, í tengslum við váhrif frá umferðarmengunarvöldum, á karlkyns starfsmenn á hraðbraut komst að þeirri niðurstöðu að það sé hugsanleg víxlverkun milli váhrifa frá efnum og langvarandi seta við vinnu. Þeir starfsmenn sem urðu fyrir váhrifum af bruna eldsneytis gastegundar köfnunarefnisdíoxíð höfðu marktækt lægri heildar fjölda sæðisfrumna með hreyfanleika, heldur en starfsmenn sem ekki urðu fyrir váhrifum, og sömu áhrif sáust hjá starfsmönnum sem urðu að sitja við vinnu sína. Áhrifin voru sérstaklega sterk, þegar áhættuþættirnir íðefni og vinnustelling voru tengdir (Boggia o.fl., 2009).

6.4 Stjórnun og forvarnir

Rannsóknarfólk hefur komist að þeirri niðurstöðu að 'túlkun fánlegra upplýsinga um viðbætt og samvirk áhrif af váhrifum verða áfram áskorun fyrir vinnuveitendur, sérstaklega lítil fyrirtæki' (Lawson o.fl., 2006). Rannsóknir ættu að íhuga samsetningar á áhættuþáttum sem koma upp á vinnustöðum. Á stöðum þar sem eru einhver atvinnutengd váhrifsmörk til staðar varðandi samsetningar á efnum, til dæmis má skoða áhrif af blöndu; til dæmis að nota viðmiðunarmörk SCOEL um áhættumöt varðandi váhrif fræa blöndur með íðefnum sem kunna að haf sams konar virkni (gangvirki) (IGHRC, ódagsett).

7 Forvarnir

Aðalskýrslan dregur upp leiðandi meginreglur varðandi forvarnir: heilbrigð vinnuverndarstjórnun og heildstæða áætlun varðandi áhættumat. Í skýrslunni eru útskýring á stigveldi ráðstafana, lögð áhersla á útilokun og staðgöngu efni og mikilvægi þess að rannsaka nákvæmlega valið á forvarnar ráðstöfunum (t.d. hlífar gegn hávaða fyrir þungaðar konur munu ekki vernda fóstur. Þjálfun gegnir mikilvægu hlutverki, þar sem hún getur verið einstaklingsbundin ráðstöfun (t.d. að innleiða og stunda vinnuvistfræðilegar stellingar) eða sameiginlegar, ráðstöfun fyrir allt fyrirtækið (t.d. innleiðing á nýju útblásturskerfi myndi krefjast þjálfunar til að tryggja rétta meðferð). Skýrslan setur fram yfirlitstöflu yfir allar tegundir ráðstafana, nær yfir íðefni, efni sem ekki eru íðefni, aðsteðjandi þætti og sálfélagslegar

aðstæður, sem og blönduð váhrif, þar sem dæmi fyrir hverja ráðstöfun er gefin og verkfæri og vísað er í leiðbeiningar. Nokkur dæmi frá aðildarríkjum eru einnig kynnt.

7.1 Dæmi frá aðildarríkjum

Ýmiss konar nálganir eru til staðar um alt ESB þar sem er Austurríki, Tékkland, Þýskaland, Finnland, Frakkland og Holland sem búin eru að taka efni með eiturrif gagnvart æxlun upp í innlenda löggjöf á sama stigi sem krabbameinsvaldandi efni og stökkbreytandi efni við innleiðingu á tilskipun 2004/37/EC. Önnur 18 aðildarríki taka einungis krabbameinsvaldandi efni og stökkbreytandi efni með. Tvö lönd taka aðeins með sum efni sem hafa váhrif gagnvart æxlun (flokkur 1A and 1B) (Milieu og RPA, 2013).

Eftirfarandi hlutar gefa athyglisverð dæmi varðandi frumkvæði til stefnumála innan aðildarríkis, en eru ekki tæmandi.

7.1.1 Austurríki

Fóstrið er sérstaklega næmt gagnvart vanskapnaði sem orsakast af efnum á fyrstu vikum þungunar, þegar þungaður starfsmaður kynni ekki að gera sér grein fyrir því að hún er þunguð. Núverandi löggjöf er þess vegna með forvarnargat, sem var skilgreint hér sem, „tímabilsgat fyrst á meðgöngu“. Leiðbeiningar sem gefnar voru út af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til innleiðingar á tilskipun um þungaða starfsmenn nefnir þetta vandamál án þess að gefa fullnægjandi lausn. Austurríki hefur að hluta fjallað um þessa stöðu: vinnuveitendur verða að takast á hendur tengt áhættumat sem part af heildar áhættumati án tillits til þungunar um leið og ráðinn er kvenkyns starfsmaður, sem merkir að þeir geta notað fyrirfram ákveðna stefnu án dráttar eigi þungun sér stað og síðan sníða ráðstafanir sérstaklega fyrir þungaða starfsmanninn sem um er að ræða. Svipaðar nálganir gilda um áhættumat fyrir unga starfsmenn þar sem Austurríki notar verndandi nálgun þar sem séð er fram á bann við sumum verkum og váhrifum, með undantekningu varðandi starfsmenn sem eru í starfsnámi og þurfa að framkvæma þessi verk innan ramma iðnnáms til dæmis.

Þessi nálgun getur skoðast sem mikilvægt skref gagnvart forvirkri nálgun sem myndi taka með í reikninginn áhættu varðandi æxlun gagnvart báðum kynjum og það myndi þurfa að beita því þegar verið er athuga með ráðgjöf handa starfsmönnum sem óska eftir á eignast börn. Þetta dæmi gæti verið notað sem fyrir mynd af öðrum aðildarríkjum og hugmyndir varðandi áhættu er snertir æxlun eru innsettar í meginreglur um heilsueftirlit og aðgerðir lækna á sviði vinnuverndar á vinnustöðum.

7.1.2 Danmörk

Í Danmörku eru meira en 30 % allra málara kvenkyns. Til að gera kvenkyns málurum kleift að starfa meðan á meðgöngu stendur á of mikillar hættu gagnvar hinu ófædda barni, þá hefur atvinnutengda heilbrigðisþjónusta danskra málara metið allar afurðir sem eru notaðar með það að leiðarljósi að skilgreina öll efni sem valda áhyggjum. Ásamt með starfstengdum heilsustofum þá tóku þeir saman viðmið til að flokka málningar í þrjá áhættuflokka, til að benda á það hvort þungaðir málara geta notað máninguna. Matið tekur til athugunarhversu víðtæk váhrif eru gagnvart viðkomandi efnum meðan vinna fer fram með málningu sem byggð er á vatnsgrunni, og áhættan á tjóni á æxlun. Áður en farið er að vinna með epoxy kvoðu og ísósýanöt þá skipa dönsk efnalög svo að starfsfólk verði að ljúka sérstakri þjálfun, sem hönnuð var af félagslegum samtökum og samþykkt af vinnuálagseftirlitinu. Danmörk hefur einnig komið á fót mjög sérstökum leiðbeiningum um vinnuvisstvernd fyrir þungaðar konur.

Þetta þjóðardæmi undirstrikar þörfina á að forðast fyrirfram myndaðar skoðanir um hver sé fyrir váhrifum í sérstökum verkefnum og störfum og fyrir að taka tillit til sérþarfa hópa sem eru viðkvæmir og bæði kyn þegar verið er að framkvæma áhættumat varðandi hættu fyrir æxlun og þroskun. Vinnuvisstfræðileg sjónarmið myndi einnig þurfa að taka tillit til varðandi unga starfsmenn á þessum vinnustöðum.

7.1.3 Þýskaland

Sambandsríkisnefndin um hættuleg efni (Ausschuss für Gefahrstoffe) hefur gefið út nokkrar tæknireglur (svipað og um starfsreglur) samþykkt af ráðuneyti vinnumála og félagsmála sem gefa leiðbeiningar um hvernig eigi að uppfylla skyldur að lögum. Þessar reglur veita skýrar leiðbeiningar til fyrirtækja um ákveðin váhrif og störf. Skýrslan setur fram reglurnar, sem varða efni sem hafa váhrif á æxlun, í töflu. Sumar eru einnig fánlegar á ensku og ein er fánleg á frönsku. Reglan um staðgengd er athyglisverð, hún skýrir út nákvæmlega öll nauðsynleg skref sem fyrirtæki þarf að framkvæma til að geta skilgreint nothæfa lausn.

Tæknireglur eru enn ekki að ná yfir nanóefni, en þær taka efni sem hafa váhrif á æxlun með. Þeir leyfa fyrirtækjum að gera áhættumöt og koma á fót varúðarráðstöfunum sem taka tillit til þessara efna. Það er fram að þessu hins vegar engin regla eða heildstæðar leiðbeiningar fyrir fyrirtæki sem skoða málefni um váhrif á æxlun í heild sinni.

7.1.4 Finnland

Finnland hefur verið með lista af efnum sem hafa eiturrif á æxlun í innlendri löggjöf síðan árin eftir 1980 og löggjöf um sérstakt fæðingarorlof var samþykkt árið 1991. Í samræmi við lög um vinnuvernd er vinnuveitandi skyldur að fara eftir áhrifum og hættuþáttum er snerta starfstengdar aðstæður varðandi æxlun. Í fjórum hlutum þá eru hættuþættir varðandi æxlun skýrðir út nákvæmlega.

Ríkisráðsályktanir og ályktanir vinnumálaráðuneytis fjalla bæði um karlkyns og kvenkyns starfsfólk, fjalla um iðefnaþætti er varða efni sem hafa váhrif gagnvart æxlun (t.d. etýlenoxíð mangan), líffræðilega (t.d. herpes vírusar, listeria bakterían) og eðlisfræðilega (t.d. jónandi geislun). Frekari leiðbeiningar hafa verið útgefnar af Finnsku vinnuverndarstofnuninni (FIOH). FIOH og norræna stofnunin um þjálfun í starfshæilbrigði veitir einnig þjálfunarnámskeið fyrir viðeigandi markhópa.

Almannatryggingastofnunin í Finnlandi safnar árlegum hagtölum um starfsmenn sem fengið hafa sérstakt fæðingarorlof vegna váhrifa á vinnustað af efnum sem hafa eiturrif gagnvart æxlun. Á síðustu árum hafa um það bil 200 kvenkyns starfsmenn verið veitt sérstakt fæðingarorlof á hverju ári vegna efnahættu, lífrænni hættu og eðlisfræðilegri hættu. Samt sem áður eru konur í auknum mæli virkari þátttakendur í líkamlega krefjandi störfum, en sérstakt fæðingarorlof er veitt fyrst og fremst vegna annarra ástæðna (líffræðilegra eða vegna efna) vegna þess að löggjöfin heimilar ekki berum orðum að fá leyfi frá störfum vegna líkamlega erfiðra starfa (EU-OSHA, 2014).

Landsskýrslan um stöðu vinnuverndar taldi upp fimm mikilvægustu efnin sem eru með váhrif gagnvart æxlun sem hér segir: leysar, vírusar, blý, jónandi geislun og vinna á næturvöktum. Að því gefnu að þau séu efni sem séu með eiturrif vegna váhrifa gagnvart bæði körlum og konum, etoxýetanól, etoxýetýlasetat, metoxýetanól og metoxýetýlasetat hefur að miklu leyti verið skipt út að eigin frumkvæði aðila og þess í stað notuð önnur öruggari efni.

7.1.5 Frakkland

Eftir 2001 framkvæmd löggjafar varðandi notkun (CMR-efna) krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða með eiturrif gagnvart æxlunarferum, þá þá hafa frumkvæðisvakar í Frakklandi byggt upp herferðir (t.d. vinnumálaeftirlitsherferð), leiðbeiningar, verkfæri til vitundarvakningar, frjálsir samninga og vefvettvangur fyrir staðgönguefni.

áttmálar voru settir upp milli Atvinnumálaráðherra og þriggja samtaka úr iðnaðargeranum: málmíðn, efnaiðnaður og málning/blek/lím. Samtökin í iðnaðinum tóku skref til að tryggja betri framkvæmd á löggjöf um váhrif gagnvart starfsfólki vegna krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi efna eða með eiturrif gagnvart æxlunarferum. Þessi skref fela einnig í sér dreifingu á upplýsingum og þjálfun, aðallega miðuð að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Flest samtökin endurnýjuðu sáttmálana árið 2011.

Árið 2006, óskaði vinnumálaráðuneyti Frakklands eftir því við ANSES að framkvæma rannsókn á skilvirkni þess að fá önnur efni í stað efni sem flokkuð voru sem CMR flokkur 1A og 1B (ESB flokkun), og að þróa verkfæri til að efla staðgöngu efna (sjá <http://www.substitution-cmr.fr/>). Upplýsingarnar sem fánlegar eru í gáttinni hafa aðallega verið sóttar gegnum tvær kannanir meðal fyrirtækja um notkun

(CMR-efna) krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða með eiturrif gagnvart æxlunarferum og staðgöngu efnum þeirra, sem hafin var árið 2008 (23 forgangs CMR-efni) og 2009 (56 CMR-efni). Gagnabankinn er nú varanlega aukinn með dæmum frá mismunandi heimildum.

8 Niðurstöður og tillögur

Skýrslan felur í sér nýjustu vinnuverndarrannsóknir á sviði eiturrifa á æxlun. Hins vegar þá var skilgreining á öllum hugsanlegum vandamálum á sviði æxlunar og þroskunar sem verða fyrir áhrifum af umhverfi á vinnustað, utan verksviðs þessarar skýrslu. Í staðinn er lýst dæmum um einkennandi gerðir efna og annarra váhrifa sem hafa áhrif á karla og konur í vinnunni. Það sem kemur á eftir þessu er skilgreining á einkennandi vandamálum sem þarfnast eftirtektar af hálfu þeirra sem annast endurbætur á vinnuumhverfi svo að það verði heilsusamlegt ekki einungis fyrir starfsfólkið sjálft, heldur einnig fyrir afkomendur þess. Sum vandamál eru almenns eðlis, þar sem önnur verða einungis sérstök váhrif.

Gert er ráð fyrir að váhrif gagnvart starfsfólki af efnum og þáttum sem hafa eiturrif gagnvart æxlun, eins og epoxíðum, ísósýanötum, leysiefnablöndum, málningu, sérstökum lyfjum, innkirtlatruflandi efnasamböndum, nanóefnum, eðlisfræðilegum áhrifavöldum og streitu, aukist með tímanum. Þetta tengist nokkrum leitniþáttum á sviði vinnunar, þar á meðal notkun enn flóknari blandna efna og annarra áhrifavalda, og aukinnar notkunar plastefna og samsettra efna og stafar þetta af orkusöfnun og hraðari framleiðsluferla. Starfsmenn eru einnig í auknum mæli að breyta um vinnustað og starfsvettvang, þar sem eru lengri ferðatími á vinnustað, og styttri samningar, allt slíkt gerir eftirlit með váhrifum gagnvart þeim erfiðara og flóknara, sem og að váhrif gagnvart þeim breytast ört. Þó svo tilfærsla í störfum frá iðnaðar og vöruframleiðslugeirunum yfir í þjónustugeirann kann að tengjast lækkun í váhrifum einstakra atvinnutengdum áhættuþáttum, þá er hlutfallslegur skortur á vitund í þjónustugeiranum varðandi áhættu á vinnustað og sérstaklega áhættuþættir sem tengjast hættulegum efnum, tilefni áhyggna.

Niðurstöður rannsókna sem kynntar eru í aðalskýrslunni leiða skýrlega í ljós að vandi sem snýr að þáttum sem hafa eiturrif á æxlun er vanmetinn. Þetta er málið með váhrif af völdum grunaðra innkirtlatruflandi efna sem hefur verið vanmetið, aðallega vegna þess að meirihluti efna trufla að einhverju marki hormónastjórnun. Að auki þá eru váhrif af efnisögnum algeng í vinnuumhverfi og er lítið fjallað um slíkt í löggjöf, nema gegnum gróf vinnuvendarvámörk.

Umræðan hvort eða ekki eigi að fella efni sem hafa váhrif gagnvart æxlun inn í tilskipunina um krabbameinsvaldandi efni og stökkbreytandi efni hefur ekki enn verið leyst, vegna mismunandi sjónarmiða og takmarkaðs ritefnis með stoðgögnum. Hins vegar er samkomulag um að brýn þörf sé á vitundarvakningu og sérstakri leiðbeiningu.

Þó svo að marktækur hluti vinnuafslins verði fyrir váhrifum af hættuþáttum á vinnustað gagnvar æxlun þá eru margir neikvæðir þættir sem eru of lítið rannsakaðir eða eru ekki álitnir mikilvægir. Þetta málefni kallar á athygli þar sem æxlun hefur áhrif á nánustu og langtíma framtíð þjóðfélagsins.

Aukin vitund er aðkallandi á öllum þjóðfélagsstigum, þannig að frekar en að vera álitinn vera truflun á rekstri, þá er meðganga viðurkennd vegna mikilvægis hennar gagnvart þjóðfélaginu, þar á meðal sem grundvöllur að sjálfbæru vinnuafli. Enn fremur mun það grafa undan framtíð fyrirtækja og að lokum samfélagsins í heild, sé ekki farið í að endurbæta vinnuumhverfi til að koma upp öruggum vinnuáðstæðum fyrir heilbrigði á sviði æxlunar og meðgöngu, hvort heldur vegna þrýstings af undirmeðvitund eða vegna sálfræðilegs þrýstings eða vegna margs konar áhrifavalda og þátta.

8.1 Lagarammi

8.1.1 Konur og áhersla á iðefni

Löggjöf um efni sem hafa eiturrif á æxlun einbeita sér aðallega að konum, sérstaklega barnshafandi og brjóstmjólkandi konum, en ekki ætti að líta fram hjá þeirri staðreynd að efnin, áhrifavaldarnir, þættirnir og aðstæðurnar sem hafa eiturrif gagnvart æxlun kunna að hafa áhrif á æxlunarheilbrigði beggja kynja. Núverandi löggjöf verndar einnig, að ákveðnu marki, unga karlkyns (og kvenkyns) starfsmenn, en æxlunardur karla er álitinn ná að meðaltaldi frá 15 til 60 ára. Þess vegna er mikilvægt að fara yfir

löggjöfina og framkvæmd hennar til að tryggja jafna vernd gagnvar konum og körlum, þar á meðal þeim sem ætla að eignast börn.

Þar sem ekki eru neinar sérstakar reglur varðandi þör sem óska eftir að geta börn, þá lítur núverandi stefna í reynd fram hjá því að karlar og konur gætu orðið fyrir váhrifum af eiturefnum sem hafa áhrif á æxlun meðan verið væri að reyna að geta barn, sem og tímabilið frá getnaði til vitundar um þungun. Ein helsta niðurstaðan frá mati á nógildandi löggjöf er þess vegna að löggjöf og leiðbeining ætti að einbeita sér að heildstæðu áhættumati og áhættustjórn sem nær til beggja kynja, til allrar þroskunarkeiða, til langtímaáhrifa og allra áhættuþátta (þar á meðal lífeðlisfræðilegra, lífrænna og sálfélagslegra þátta).

Annað mikilvægt íhugunarefni er að konur kunna að starfa við dæmigerð karlastörf, í merkingunni að ályktanir varðandi það hvaða kyn geti orðið fyrir váhrifum gagnvart sérstökum áhættuþáttum ætti þess vegna að forðast. Ekki eru allir suðumenn eða málara karlkyns, og ekki eru allir starfsmenn í garðrækt og landbúnaði kvenkyns til dæmis. Aukinn fjöldi ökumanna í almannasamgöngum eru kvenkyns og þær verða fyrir váhrifum af díselútblæstri. Að auki þá geta váhrif verið breytileg, til dæmis eru váhrif af varnarefnum breytileg yfir ákveðinn tíma varðandi starfsfólk í landbúnaðarstörfum eða í gróðurhúsum; þetta þarf að haf til hliðsjónar. Eitt dæmi sem nefnt er í skýrslunni er varðandi kvenkyns málara í Danmörku, það er, 30 % allra málara í Danmörku, og sérstöku ráðstafanirnar sem hannaðar eru til að vernda þær gegn skaða.

Löggjöfinni er líka mjög beint að iðefnum, en hún fjallar nánast ekkert um aðra þætti æxlunar eins og lífeðlisfræðilegar, líffræðilegar og sálfélagslegar hættur sérstaklega. Hins vegar þá þyrfti að fjalla, jafnvel í iðefna-tengdri löggjöf, um sérstök sjónarmið eins og óeinhalla og hugsanlega margföldunaráhrif innkirtlatruflandi efna eða um sérstök sjónarmið sem tengjast eiturefnafræði varðandi fínar efnisagnir. Þessir eiginleikar efnanna sem um ræðir eru áskorun gagnvart núverandi nálgun löggjafans eins og setning starfstengdra viðmiðunarmarka, eða skilgreiningu áhættustjórnunarráðstafana sem byggjast á afleidd mörk um engin áhrif, sem eru byggð á þeirri ályktun að það sé línulegt samband milli váhrifastigs og áhrifanna. Innfærsla efna sem hafa eiturrif á æxlun í tilskipun um vernd starfsmanna gegn hættum sem tengjast váhrifum af krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi efnum á vinnustað hefur verið lögð til, til þess að þessi efni séu tekin með í strangari innlendri löggjöf um vernd starfsmanna. Þetta myndi mynda stigveldi stjórnunarúrræða, sem byrja myndi með staðgöngu, og draga athyglina að eðli áhættu gagnvart starfsmönnum, sem og að skylda vinnuveitendur til að gera sérstakar ráðstafanir þegar verið er að nota slík efni.

Vegna hinna mörgu þekkingargata verður að undirstrika þörfina á að fara varúðarleiðina. Jákvætt dæmi er Tilskipun Ráðsins 92/85/EBE sem viðurkennir víðtækan fjölda áhrifavalda á sviði iðefna, og eðlisfræðilegra og líffræðilega áhrifavalda, verkferla og vinnuáætlaðar sem gætu haft í för með sér hættu fyrir nýbakaðar og verðandi mæður. Árið 1992, birti Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leiðbeiningar til stuðnings við framkvæmd tilskipunarinnar, en tilskipunin og tengdar leiðbeiningar eru almennt álitnar þurfa að verða uppfærðar.

8.1.2 Viðtækari áhrif breytinga á tilskipunina um þungaða starfsmenn

Skýrsla Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 15 Mars 1999 um framkvæmd tilskipunarinnar (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 1999) undirstrikaði sérstök vandamál varðandi framkvæmd sem hafi í för með sér dómsmál varðandi brot, t.d. blátt bann hjá nokkrum aðildarríkjum um næturvinnu þungaðra starfsmanna og skort á lögbundnu fæðingarorlofi, sem nú er búið að leysa. Skýrslan skilgreindi önnur vandamál, eins og munurinn á því hvaða tegund verkamanna fellur undir svið tilskipunarinnar, erfiðleikar sem tengjast því hvernig eigi að sætta heilbrigðis og öryggismál við réttindi kvenna gagnvart meðferð sem ekki felur í sér mismunun, og réttinn til að snúa aftur í starfið sitt.

Tilskipunin veitir fæðingarorlof og kveður á um að konur megi ekki víkja úr starfi vegna meðgöngu, og fæðingarorlof fyrir tímabilið frá upphafi meðgöngu til loka orlofs. Framtak sem var hafið til að breyta tilskipuninni (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2008) var vísað frá árið 2015. Samkvæmt því var lagt til að framlengja fæðingarorlof, að veita viðbótarorlof þegar um væri að ræða fyrirburð, börn lögð inn á sjúkrahús við fæðingu, fæðingu barna með fötlun og fjölbura fæðingar. Þegar snúið væri aftur til vinnu gætu starfsmenn einnig óskað eftir endurskoðun á vinnutímum til þess að geta betur samræmt vinnuna við fjölskyldulífið.

Tilhneigingin að færa sér meir í nyt tímabundna samninga grefur undan völdum vanfærra kvenna gegn brottvísun. Þessir samningar kunna að valda uppsögn í starfi án tillits til meðgöngu, og þannig valda því að mikilvægir þættir fæðingarorlofslöggjafar veri ekki beitt. Þetta ýtir einnig undir tilhneiginguna hjá kvenkyns starfsmönnum aða tilkynna ekki um þungun sína þangað til hún verður auglýsing gagnvart vinnuveitendum og samstarfsaðilum, og þannig hindra virka vernd gegn hættu.

Þó svo tilskipunin sé til fyrirmyndar varðandi að taka til skoðunar marga þætti (íðefni, og líffræðilega, eðlifræðilega og sálfélagslega þætti) þá nær hún ekki til kalmanna og kvenmanna sem eru á æxlunardri. Tilskipunin sleppir einnig „gat á tímabili snemma á meðgöngu“, það tímabil þegar kona kann ennþá ekki að vita um að hún sé þunguð og á þeim tíma verður ákvæðum tilskipunarinnar ekki beitt. Þetta geur verið afgerandi tími fyrir fósttrið.

8.1.3 Gat á tímabili snemma á meðgöngu

Eins og minnst er á að framan, þá er fósttrið sérstaklega viðkvæmt gagnvart efnatengdri framköllun á vansköpun fyrstu 3-8 vikur meðgöngu, þegar líffæri eru að myndast. Til að koma í veg fyrir vansköpun er afgerandi mikilvægt að gera varúðarráðstafanir. Hins vegar á fyrstu 4-6 vikum meðgöngu, getur verið að kona geri sér ekki grein fyrir því að hún sé þunguð, og hún er þess vegna ófær um að upplýsa vinnuveitanda sinn um ástand sitt, en þegar svo er þá verður forvarnarráðstöfunum sem nefndar eru í tilskipun 92/85/EBE ekki beitt. Ein rannsókn mat það að um það bil einn fjórði hluti kvenna gerði sér ekki grein fyrir þungun sinni einum mánuði eftir frjóvgun (þ.e. á þeim tíma þegar margar konur gera sér grein fyrir því að tíðablæðingar hafa ekki orðið. Við átta vikna þungun, þá hafði næstum ein kona af tíu enn ekki fundið til einkenna (Sayle o.fl., 2002). Jafnvel þegar þungun er viðurkennd þá eru hættur og áhættuþættir enn ekki metanlegir þangað til konan nær 6-8 vikum þungunar. Á þessum tíma þá er tækifærið til að koma í veg fyrir flestar tegundir vansköpunar runnið úr greipum. Núverandi löggjöf er þess vegna óskilvirk með tilliti til forvarna gagnvart líkamstjóni sem fram kemur snemma á ferlinum.

Þegar loks er búið að staðfesta þungun konunnar og búið er að tilkynna vinnuveitanda, þá ber þeim síðarnefnda að meta áhættuþætti og fjarlægja, forðast eða draga úr áhættuþáttum varðandi þunguðu konuna og hið ófædda barn.

Austurríki hefur að hluta til fjallað um þetta ástand: vinnuveitendur verða að takast á hendur tengt mat án tillits til þungunar. Þetta á einnig rétt á sér þegar ungir starfsmenn kunna að starfa í fyrirtæki. Þetta getur vissulega þjónað sem gott fordæmi.

Að þessu leyti, þá minnst skýrslan á finnsku löggjöfina þar sem áherslan er lögð á að bæta vinnuumhverfi þegar verið er að skipuleggja eða smíða vinnustaði.

8.1.4 Önnur vandamál

Efni sem hafa getu til uppsöfnunar í lífverum kunna að hafa í för með sér sérstök tilfelli, þar sem þessi kunna að verða virkjuð meðan á meðgöngu stendur, jafnvel ef hin þungaða kona sjálf forðast váhrif (McDiarmid og Gehle, 2006). Til dæmis geta miklar blýbirgðir í beinum tilkomnar vegna fyrri váhrifa orðið virkjaðar á meðgöngu og haf í för með sér váhrif á fóstur. Þetta þarf einnig að skoða í tengdu áhættumati til að koma í veg fyrir váhrif sem leiða til uppsöfnunar í upphafi.

8.1.5 Brjóstgjöf

Við ofangreinda málþing EU-OSHA í París, benti alþjóðaheilbrigðisstofnunin á að brjóstgjöf sé mikilbægt málefni og það er ekki ávallt haft nægilega til hliðsjónar í umræðum um efni sem hafa eiturrif á æxlun (EU-OSHA, 2014).

Brjóstgjöf kemur til greina í flokkunar og merkingar reglugerðum varðandi íðefni, sem og í tilskipun um barnshafandi starfsfólk. Hins vegar þá er sjaldan fjallað um það rannsóknnum sem tengjast vinnuvernd eða varðandi forvarnir. Hlutverk brjóstgjafar við smitun hættulegra efna í afkvæmi, annars vegar, og að vernda afkvæmi frá afleiðingum nokkurra váhrifa, hinsvegar, þarfnast meiri rannsókna, sem einnig geta kvenna til að finna jafnvægi milli vinnu og þarfarinnar til brjóstgjafar. Frekari rannsóknir eru einnig

nauðsynlegar varðandi áhrif mismunandi þátta á getuna til að stunda brjóstgjöf, eins og váhrif af efnum, streitu, vaktavinnu eða næturvinnu.

8.2 Takmörkuð þekking á váhrifum og áhrifum

Þekking á mögulegri skerðingu á æxlunargetu vegna váhrifa í vinnuumhverfi er mjög takmörkuð. Að því er snertir marga hugsanlega áhættuþætti sem eru efnafræðilegir og einnig aðrir (hvort sem þeir eru eðlisfræðilegir, líffræðilegir eða skipulagslegir), þá er mjög lítil vitneskja til staðar varðandi áhrif þeirra á þungun, virkni æxlunar hjá körlum og konum, og heilbrigði barna síðar á æfni.

Þekking okkar á skaðlegum áhrifum efna stafar að mestu frá dýrarannsóknnum. Ein ástæða er að við hóprannsóknir getur reynst erfitt að skilgreina eitt einstakt efni í vinnuumhverfinu, til dæmis, þar eð margföld váhrif eru reglan frekar en undantekningin.

Mikilsháttar váhrif af efnum í vinnuumhverfi sem setja ekki sjálfvirkt í gang prófun (t.d innan REACH) eða þar sem viðkomandi líkön leysa ekki mikilvæg ágreiningsefni (eins og efnisagnir sem myndast vegna verkferla, tilbúna nanóagnir, efni þar sem dýralíkön eru ófullnægjandi varðandi áhættumat, vaktavinna, vinnuvistfræðilegir þættir og sálfélagslegt álag (streita)) ætti að vera rannsakað gegnum viðkomandi rannsóknaraðferðir til að afla gagna fyrir fullnægjandi áhættumat.

Í öðrum tilvikum þá kann eðli váhrifa ekki að gera það kleift að notast við dýrarannsóknir, að minnsta kosti ekki að því marki þar sem þeir geta þjónað sem grundvöllur undir setningu reglna. Þetta gildir varðandi áhrif af vinnuálagi og að lyfta þungum byrðum á niðurstöður meðgöngu hjá mönnum, sem dæmi. Varðandi báða þessa þætti, þá kunna fyrirsjáanlegar faraldursfræðilegar rannsóknir að vera nauðsynlegar. Þar sem vel hannaðar rannsóknaraðferðir eru dýrar, eru mörg ágreiningsefni óleyst um lengri tímabil.

Reglugerðir um atvinnumál krefjast þess að einhver váhrif sem eru önnur en váhrif af efnum séu metin þegar kvenkyns starfsmaður verður þungaður, til dæmis vaktavinna, vinnuvistfræðilegir þættir, sálfélagslegt álag (streita), hávaði og líffræðilegir áhrifavaldar. Þessi váhrif eru hinsvegar mestmegnis rannsökuð af háskólum og rannsóknarhópum á vegum ríkisvaldsins vegna fræðilegs áhuga sem tkamarar svið slíkra mata og það fjármagn sem er fánlegt fyrir þessa tegund annsóknna. Rannsóknunum er ekki nauðsynlega beint að þeim svæðum þar sem áhrifin eru mest eða þar sem þörfin á forvörnum er mest ákallandi. Nálgunin varðandi rannsóknina kann einnig að vera rekin áfram af rannsóknarspurningum frekar en af vandamálum sem eiga sér stað á vinnustað (athugunarrannsóknir). Að auki þá er mat á váhrifum varðandi þessa þætti mjög takamarkað.

Auk þess þá hafa rannsóknir á mönnum hafa aðallega beinst að áhrifum, sem tengjast náið framvindu þungunarinnar, til dæmis sjálfspottnu fósturláti, meðgöngutíma og þyngd við fæðingu. Virknisraskanir sem tengjast ónæmiskerfinu, hjarta- æða og taugakerfunum til dæmis, eru sjaldan rannsökuð. Kannanir ættu þessvegna að athuga með víðari umfjöllun að því er varðar kyn, ættliði og tímabil sem þær ná yfir.

Allar hugsanlegar rásir og gagnaheimildir (t.d. gögn frá ófrjósemismæðferð eða gögn um útskriftir af sjúkrahúsum) ætti að nota til að finna skaða varandi æxlun, sem og til að finna váhrif sem varða málið, til dæmis með því að tengja saman gögn um áhrif við gögn frá starfssögum (skrár almannatrygginga, gögn fræa vinnuveitanda, eftirlit með heilsu og váhrifum) starfsmanna og fyrri (foreldra) kynslóðir. Eitt dæmi er danska atvinnutengda fæðingarskráin sem inniheldur upplýsingar um störf foreldra sem og um fæðingar og tengingar barna við sjúkrahúskerfið síðar á lífsleiðinni. Endanlegt markmið ætti að vera að skilgreina atvinnuhópa sem er í áhættu meðal karla og kvenna.

Varðandi mat á váhrifum þá virðast starfs-váhrifagrindir, eins og þeim er lýst í kafla 3, vera lofandi verkfæri til að skilgreina váhrifaáhættur í vinnuumhverfinu. Aðferðafræðina og notkun þessara tækja ætti að þróa frekar. Til dæmis, þá hafa nokkrar starfs-váhrifagrindir verið þróaðar af, og eru aðgengilegar gegnum Frönsku stofnunina fyrir heilbrigðiseftirlit (InVS) sem veitir upplýsingar (á frönsku) um váhrif frá mismunandi tegundum leysa og nanóagna (tilbúna eða ekki).

8.3 Atvinnusjúkdómar

Varðandi atvinnusjúkdóma, þá er hægt að segja að skrá ESB yfir atvinnusjúkdóma vísar ekki í nein æxlunarvandamál sem orsakast af neinum þeirra áhættuþátta sem skilgreindir haf verið í þessu yfirliti. Skýrslan bendir á að í Frakklandi og nokkrum öðrum löndum, þá er mögulegt að greina sjúkdóm sem verandi atvinnusjúkdóm, ekki aðeins í samræmi við innlenda þjóðarskrá yfir sjúkdóma, heldur einnig í samræmi við uppbótarkerfi, þar sem tjónpóli verður að sanna tengingu milli sjúkdóms og starfsins síns. Einnig var bent á að í BNA er skráin yfir atvinnusjúkdóma með kafla um æxlunarvandamál, þar á meðal ófrjósemi, fæðingargalla og sjálfsprottið fósturlát. Listi Alþjóðavinnuáráðs yfir atvinnusjúkdóma inniheldur ekki berum orðum æxlunartengda atvinnusjúkdóma, en hann inniheldur almenna grein sem gerir ráð fyrir hvers kyns öðrum sjúkdómi sem hægt er að sýna fram á að sé atvinnutengdur. Heilbrigðisþjónustuaðilum ætti að kynna betur þennan möguleika, vegna þess að þeir eru fyrsta stopp þeirra tjónpóla sem eru að leggja fram kröfu (EU-OSHA, 2014). Uppfærslu ESB listans og annarra lista yfir atvinnusjúkdóma, þar á meðal viðmið varðandi viðurkenningu og bætur, ætti að taka til skoðunar.

Miklu meiri breidd af gagnaheimildum væri hægt að nota til að láta í té sönnun um áhrif á æxlun, eins og danska atvinnutengda fæðingarskráin sem nefnd var að framan, sem inniheldur upplýsingar um störf foreldra sem og um fæðingar og tengingar barna við sjúkrahúskerfið síðar á lífsleiðinni, í samtengslum við aðrar sjúkdómaskrár og framagreindar starfs-váhrifagrindir.

8.4 Langtímaáhrif

Þættir sem eru skaðlegir æxlun ættu að fá meiri forgang vegna áhrifa þeirra á heilbrigði starfsfólks sem og á heilbrigði kynslóða framtíðarinnar. Áhrif efna, sem hafa eiturrif á æxlun, á þroskun kann ef til vill einungis að koma fram eftir að langur tími er liðinn (sérstaklega varðandi þroskun afkvæma), þannig að mat á sambandinu milli magns váhrifa á foreldra af efnum sem hafa eiturrif á æxlun gæti orðið erfitt, og myndi krefjast innleiðingar á viðeigandi rannsóknaraðferðum. Með sama móti þá ætti að fjalla um þessi áhrif í nágildandi löggjöf, og byrjað á reglugerðum um prófanir og upplýsingakröfur varðandi efni, löggjöf sem kveður á um notkunarskilyrði, og ekki síst kröfur um vernd starfsmanna. Þörf er á meiri vitund á öllum stigum — fyrirtæki, framkvæmd og stefnu. Nýjar hættur ættu að vera teknar með og öll ný löggjöf ætti að vera nægjanlega sveigjanleg til að ná utan um þær.

Tafla 4: Samantekt á niðurstöðum um prófanir og mat á neikvæðum áhrifum á æxlun og þroskun

| Efni | Tillaga |
|---|---|
| Fá íðefni hafa verið metin með tilliti til eiturrifa á æxlun | Aukið kerfisbundið fjölda efna sem prófuð eru með tilliti til áhrifa á æxlun. |
| Einungis hlutfallslega fá efni hafa verið prófuð vegna áhrifa þeirra á æxlun og meðgöngu hjá dýrum; þetta þarf að auka verulega | Takið með áhrif sem áður voru ekki tekin til skoðunar. Framleiðendur og innflutningsaðilar ættu að skoða varúðarregluna þar sem gagnagöt hafa fundist eða grunur leikur á að þau séu til staðar. |
| Ferlatengd efni sem ekki eru innifalin í prófunarákvæðum efnalöggjafar, t.d. suðugufur, útblástur dílvéla | Þróa aðferðir til að meta þær byggja á núverandi þekkingu frá rannsóknum á fínun efnisögnum. Framkvæmd faraldsfræðilegra rannsókna. |
| Varðandi flest efni þá fæst þekking á eiturrifum á æxlun frá rannsóknum í tilraunaskyna á dýrum. | Dýrarrannsóknir ættu einnig að íhuga að rannsaka uppsöfnun efna sem á sér stað á vinnustað. |
| Faraldursfræðilegar rannsóknir eru framkvæmdar tiltölulega sjaldan og mynda ekki | |

| Efni | Tillaga |
|--|---|
| <p>hluta af þeim kröfum varðandi reglugerðir um efni (t.d. REACH). Þetta er satt jafnvel þótt komi fram grunur um að markaðssett efni geti verið skaðvænlegt fyrir æxlun</p> | <p>Þróa faraldursfræðilegar rannsóknir, sérstaklega hugsanlegar íbúafjöldarannsóknir og nýta þær til stuðnings.</p> <p>Íhuga að setja upp stuðningsgagnasöfnunarkerfi varðandi aðsteðjandi hættur og viðvörðunarkerfi, sem byggjast á starfs-váhrifalýsingum.</p> <p>Hanna prófunarferla og regluverk sem fer sjálfvirkt í gang þegar grunur vaknar um hugsanleg neikvæð áhrif á æxlunarvirgni, tengd hormóna gangvirki og þroskun.</p> |
| <p>Sumar niðurstöður verða ekki metnar á grundvelli dýrarannsóknna, t.d. áhrif á vinnustreitu og lyftingu þungra hluta á niðurstöður þungunar</p> | <p>Þróa faraldursfræðilegar rannsóknir og viðeigandi rannsóknarumgjörð.</p> <p>Íhuga samanlögð váhrif af nokkrum streituvöldum.</p> |
| <p>Aðallega áhrif á þungun sem er verið að rannsaka, tildæmis sjálfsprottið fósturlát, meðgöngutíma og líkamsþyngd við fæðingu</p> <p>Langtíma áhrif ekki rannsökuð</p> | <p>Þróa áfram og beita aðferðum við að meta áhrif á frjósemi karla, hjáferðir og áhrif þeirra, og önnur langtíma áhrif á afkvæmi.</p> <p>Tileinka fjarmuni til annarra málefna sem snerta kvenkyns starfsfólk, eins og kynþroski eða tíðahvörf sem byrja fyrir venjulegan tíma.</p> <p>Rannsóknir ætti að skoða tímabilið milli neikvæðrar verkunar hættuþáttar og mats á hugsanlegum áhrifum.</p> |
| <p>Skortir rannsóknir á þroskun</p> <p>Hugsanlega mikilvæg svið eins og verkun hjarta- og æðakerfis og ónæmiskerfis, taugainnkirtla og starfsemi lifrar og nýrna, sem ekki var skoðað í rannsókninni</p> <p>Áhrif sem ekki verða augljós fyrr en í ellinni eru ekki metin</p> <p>Tjón á taugakerfi og tengd vitræn skerðing, til dæmis, gæti ekki komið í ljós þangað til að námsgeta barns er metin af fagfólki</p> | <p>Þróa aldurshóparannsóknir á löngum tíma.</p> <p>Fleiri fyrirsjáanlegar rannsóknir eru nauðsynlegar sem meta áhrif yfir lengri tíma.</p> <p>Rannsóknir á mönnum ættu að skoða tímabilið milli neikvæðrar virkni á hættuþætti og mati á hugsanlegum áhrifum.</p> <p>Skoða að taka með gögn um atvinnu foreldra (móður og föður) og váhrif þegar verið er að meta áhrif á æxlunarheilbrigði.</p> <p>Nota gögn frá fjölbreytilegum heimildum, t.d. skrár um vanskapnað, sjúkráhuðsskrár, í samhengi nota til dæmis vörugeymslunálgun varðandi gögn.⁸</p> <p>Notið nýjar aðferðir eins og gagnaskoðun.⁹</p> <p>Ráðstafa fjarmuni til markmiðaðra rannsókna á hjáferðum.</p> |

⁸ Í gagnamedferð þá er miðlægt gagnasafn kerfi sem notað er til skýrslugerðar og greiningar. Miðlægt gagnasöfn eru miðlægur söfnunarstaður fyrir samþætt gögn frá einum eða fleiri ósamstæðum uppruna.

⁹ Gagnaskoðun er þverfaglegt undirsvið í tölvuvísindum, tölvunarferli við að uppgötva mynstur í stórum gagnamengjum sem felur í sér aðferðir við skurðpunkt gervigreindar, vélamiðað nám, tölfræði og gagnagrunnskerfi.

| Efni | Tillaga |
|---|--|
| <p>Áhrif á hjáerfðir hefur ekki verið metið</p> | <p>Þróa aðferðir við að meta áhrif á hjáerfðir, þar á meðal grundvallar rannsóknir og rannsóknir á sérstökum störfum.</p> <p>Íhuga lengri tímabil fyrir faraldursfræðilegar rannsóknir.</p> <p>Svið hinna rannsökuðu endapunkta þyrfti að víkka út og taka til umfjöllunar, til dæmis virkni hjarta- og æðakerfis og ónæmiskerfis, taugainnkirtlaás og starfsemi lifrar og nýrna.</p> |
| <p>Gangvirki eins og oxunarálag sem nánóagnir valda en eru á þessari stundu ekki felldar undir prófunaraðferðir</p> | <p>Þróa viðunandi prófunarferla og aðra ferla.</p> |
| <p>Rannsóknir skorta upplýsingar um váhrif</p> | <p>Íhuga að taka með váhrif gagnvart foreldrum og váhrifasögur.</p> <p>Þróa starfs-váhrifagrindir og rannsaka verklag varðandi sérstök störf byggt á sniðmyndum af váhrifum.</p> <p>Aðlaga váhrifarannsóknir að nýrri tækni, til dæmis þegar skoðað er útblástur úr dísilvélum eða frá nanóefnum, og taka til skoðunar tækniþróun</p> <p>Tryggja að aðsteðjandi geirar eins og úrgangsstjórnun eða heilbrigðisstéttirnar séu felldar undir, og innan geira þar að íhuga breiddina í mismunandi starfsgreinum (t.d. hjúkrunarfræðingar vs. heimahlyningarþjónusta).</p> |

8.5 Þættir sem ekki eru efni og hafa eiturrif á æxlun

8.5.1 Lífræðilegir áhrifavaldar

Hættan af lífrænum áhrifavöldum í heilsugæslu hefur lengi verið viðurkennd og rannsökuð. Það er hins vegar nauðsynlegt að tengja þekktu lífræna áhættuþætti við vinnustaði og starfsemi, og að innleiða þessa þekkingu inn í forvarnarúrræði, sérstaklega fyrir þungaðar konur í öðrum áhættustörfum (t.d. í kjötiðnaði og landbúnaði).

Lítið er vitað um áhrif lífrænna áhrifavalda á vinnustöðum á frjósemi karla og æxlun. Frekari rannsóknir er þörf hvað þetta varðar, og það er nauðsynlegt að auka vitund um þá staðreynd að æxlun karla kann einnig að vera skert vegna lífrænna áhrifavalda, sérstaklega þar sem karlar eru í auknum mæli að færa sig yfir í starfsgreinar sem eru hefðbundin kvennastörf. Eitt dæmi getur verið hætta á að fullorðnir karlar smitist af hettusótt í leikskólum og grunnskólum. Að því er varðar sumar starfsgreinar sem hafa gegnum tíðina hafa orðið fyrir váhrifum, eins og í landbúnaði eða dýrarækt, þá liggja fyrir meiri upplýsingar núna um starfstengda sjúkdóma sem ekki eru smitandi, eins og sjúkdómar í öndunarfærum, sem orsakast af lífrænum áhrifavöldum, en lítið er vitað um áhrif á æxlun og þroskun í þessum starfsgreinum. Að sama skapi þá ætti að kanna frekar áhrif hugsanlegra sýkinga og annarra sjúkdóma á æxlun eftir því sem fleira starfsfólk ferðast til vinnu sinnar eða flyst búferlum til annarra landa til atvinnu.

8.5.2 Eðlisfræðilegar áhættur

Varðandi eðlisfræðilega þætti, þá eru til rannsóknir á áhrifum jónandi geislunar, raflosts, rafsegulsviða, hita, kulda, hávaða, úthljóðs og titrings. Hins vegar þá einblína flestar rannsóknir á þungaðar konur, með algera óvissu samkvæmt niðurstöðunum. Tillögur að úrræðum varða aðallega þungaðar konur.

Eins og á við um iðefni þá eru rannsóknir nátengdar vandamálum er snerta meðgöngu (t.d. sjálfsprottið fósturlát, fæðing fyrir tímann og fósturvöxt). Þessir þættir eru hugsanlega ekki næmustu endapunkturarnir. Frekari rannsóknir eru nauðsynlegar, þar á meðal varðandi val á næmustu endapunktunum (t.d. starfsemi taugakerfis í barninu).

8.5.3 Sálfélagslegar hættur

Til þess að geta ákvarðað hvort streita í vinnunni hefur áhrif á æxlunarendapunkta, þá er þörf á traustum faraldursfræðilegum rannsóknum. Margar faraldursfræðilegar rannsóknir nota óljósar mælingar um streitu og tímabil váhrifa, og safna upplýsingum eftir að börn fæðast. Þetta sér í lagi eykur hættuna á hlutdrægni. Eins og á við á öðrum sviðum þá eru flestir kannaðir endapunktur hlutfallslega nálægt meðgöngu. Sumir vísindamenn krefjast nýrrar nálgunar sem skoðar streitufæri sem virkjast af sérstökum streituvöldum, og ákvarðar hvernig þessi ferli hafa áhrif á seytingu og virkni ýmissa hormóna og taugabeina.

Rannsóknir á áhrifum vinnutíma, vaktavinnu og vinnuvistfræðilegum vandamálum á æxlunarvirkni hafa sýnt að það eru fyrir hendi áhrif, sem stafa af líkamlegu vinnuálagi og vaktavinnu eða næturvinnu, á niðurstöður meðgöngu. Þess vegna er þörf á því að tekið sé tillit til vinnuskipulagningar hjá fyrirtækjum, og ætti sérstaklega að fjalla um stöðuna varðandi þungaðar konur.

8.6 Forvarnir

8.6.1 Meðvitund fer vaxandi

Þungaðir starfsmenn, starfsmenn sem nýlega hafa fætt, og starfsmenn sem gefa brjóst eru tiltölulega vel settir hvað varðar forvarnarúrræði, og leiðbeiningar, eins þegar kemur að öðru starfsfólki og aðstæðum, þá er mikið starf eftir óunnið, sérstaklega varðandi flokk áhrifavaldandi efna sem hafa eiturrhif á æxlun. Helsta þekkingargatið innan forvarna er mjög takmarkaður skilningur á efni sem hafa eiturrhif á æxlun (þ.e. þekkingu á eiturrhifum á æxlun og þroskun). Að auki eru margar hættur lítið skildar af vinnuveitendum, starfsfólki eða vinnuverndarfagfólki. Þessar hættur innihalda mismunandi þætti eins og efni sem oft eru notuð, lífrænir áhrifavaldar, hávaði undir 500 Hz, langtímasetur hjá körlum, hiti og streita.

Tilhneigingin að vinna lang frá bækistöð, eða í húsakynnum viðskiptavinar stuðlar einnig að því að erfitt er að framkvæma mat á váhrifum og að hættur séu vanmetnar eða menn gera sér ekki grein fyrir þeim. Aukin fjölbreytni starfssambanda verður það áfram mikilsháttar áskorun að koma til skila slíkum margháttar hættum eins og þeim sem felast í þáttum er snerta æxlun og þroskun á vinnustöðum og víxlverkun þeirra.

Menningarlegu venjurnar í sumum atvinnugeirum (t.d. vegaflytningar, byggingariðnaður og nokkrir þjónustugeirar), og núverandi efnahagsumhverfi þarf hugsanlega líka að taka með í reikninginn þegar verið er að skipuleggja áttak við að auka vitund manna. Hegðunarmiðuð úrræði sem miða að því að bæta öryggismenninguna, þar á meðal aðferðir eins og að fá jafningja til að athuga og taka þátt í umræðum, gæti reynst nýtsamlegur miðill til að auka vitund, og innleiðingu á raunverulegu forvarnarstarfi. Þeir þurfa hins vegar skilyrði eins og gerð fordæma af hálfu stjórnenda og verkstjóra, menningarstefnu þar sem mönnum er ekki strax kennt um, og kunna að meta svörun með ábendingum. Nálgun sem væri raunverulega þátttökuvæn þyrfti að vera tekin til athugunar varðandi málefni sem eru viðkvæm eins og hætta gagnvart æxlun.

Enn fremur kann æxlun, og getan til að fjölga sér að vera álitin einkamál allra aðila, þar meðal vinnuveitenda og yfirvalda. Samt sem áður þarf að upplýsa alla aðila sem málið snertir um hættur og um núverandi annmarka á löggjöf, en það verður að yfirstíga þessar hindranir til að ná fram lausnum. Áætlanir um hvernig eigi að koma upp ítarlegum forvarnarúrræðum, hvernig inngrip ættu að vera markmiðuð, og hvernig eigi að auka fylgni við löggjöfina.

Sum lönd hafa þegar innleitt ráðstafanir varðandi efni sem hafa eiturrif á æxlun og sem fara út yfir lágmarkskröfur tilskipana Evrópusambandsins, sem haf sýnt að hafa jákvæð áhrif á hættumat og vitund, sem og að stuðla að framkvæmd. Þessar ráðstafanir gætu nýst sem dæmi um góðar starfsvenjur.

Ofangreind verk verða aðeins framkvæmd með árangri ef allir hagsmunaaðilar, þar á meðal aðilar vinnumarkaðarins og aðilar þeir sem tengjast bótum og viðurkenningu á sjúkdómi, líta á þetta sem sameiginlega áskorun, og ef vinnuáæftirlitsaðilar styðja verkefni. Frakkland hefur haldið uppi herferðum með þátttöku aðila vinnumarkaðarins og vinnueftirlitsaðilum og getur sú samvinna nýst sem dæmi um góðar starfsvenjur.

8.6.2 Brýn þörf á viðmiðunarreglum

